



ÁRSSKÝRSLA


FKA 2019

1999 - 2019



FKA

FÉLAG KVENNA Í ATVINNULÍFINU





Ábyrgð, umsjón og ritstjórn:

Hrafnhildur Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri FKA

Ritstjórn og yfirlestur:

Áslaug Gunnlaugsdóttir, stjórnarkona FKA

Umbrot og hönnun:

Íris Magnúsdóttir, félagskona og eigandi OZZ



EFNISYFIRLIT

04		// FÉLAG KVENNA Í ATVINNULÍFINU - FKA //
07		// ÁHERSLUVERKEFNI STJÓRNAR 2018 - 2019 //
12		// PISTILL FORMANNS //
14		// PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA //
16		// VIÐBURÐIR ÁRSINS 2018 - 2019 //
18		// OPNUNARVIÐBURÐUR FKA //
18		// HAUSTFERÐ FKA 2018 //
19		// FKA HÁTÍÐIN 2019 //
20		// 20 ÁRA AFMÆLI FKA //
22		// SKÝRSLUR DEILDA //
25		// SKÝRSLUR NEFNDA //
41		// ÁRSREIKNINGUR FKA 2018 //

// 1999 - 2019 //

– FÉLAG KVENNA Í ATVINNULÍFINU


Fyrir 20 árum, 9. apríl 1999, var FKA stofnað
og fagnaði félagið því stórafmæli á starfsárinu.

Í dag hefur félagið aldrei verið öflugra og telur tæplega 1200 félagskonur, heldur um 100 fjölbreytta viðburði ár hvert og í félaginu eru starfræktar tvær deildir, sex nefndir, fjórar landsbyggðanefndir og stjórn heldur úti mikilvægum hreyfiaflsverkefnum: Jafnvægisvögin, Fjölmíðlaverkefnið og #Metoo verkefnið.

Yfir 100 konur í stjórn, nefndum, deildum og ráðum starfa fyrir FKA með það að meginmarkmiði að stuðla að eflingu kvenna í atvinnulífinu.



SKIPURIT





HLUTVERK

Hlutverk FKA er að efla tengslanet og styðja kvenleiðtoga til að sækja fram og sameina. FKA vinnur með aðilum á vinnumarkaði, fyrirtækjum, félagasamtökum og hinu opinbera að því að efla og benda á þátt kvenna í stjórnun eða stjórnunarstöðum í atvinnulífinu.

Á starfsárinu 2018 - 2019 stóð félagið fyrir rúmlega 100 viðburðum og fjölbreyttri fræðslu ásamt því að veita ráðgjöf til hinna ýmsu fyrirtækja og verkefna. FKA knýr fram breytingar á lögum og venjum til að stuðla að jafnvægi og fjölbreytileika í íslensku atvinnulífi. FKA er leiðandi hreyfiafl til að efla fjölbreytileika atvinnulífsins.

FRAMTÍÐARSÝN

Íslenskt atvinnulíf einkennist af fjölbreytileika öðrum löndum til fyrirmyndarmyndar.

MARKMIÐ

FKA er öflugt tengslanet kvenna úr öllum greinum atvinnulífsins.

FKA er leiðandi hreyfiafl sem eflir fjölbreytileika atvinnulífsins.

FKA styður kvenleiðtoga í að sækja fram og sameinar þá til aukins sýnileika og þátttöku.

STÆRSTU VERKEFNI FKA

Frá 1999 -

FKA Viðurkenningarhátíðin sem er stærsti viðburður félagsins og vekur athygli á kvenleiðtogum.

Frá 2009 -

Stjórnarverkefnið þar sem markmiðið er aukið jafnvægi kynja í stjórnnum félaga.

Frá 2013 -

Fjölmiðlaverkefni sem stuðlar að auknum sýnileika kvenna í fjölmiðlum.

Frá 2016 -

Jafnvægisvögin sem stuðlar að aukinni hlutdeild kvenna í efra lagi stjórnunarstarfa.

Frá 2017 -

#METOO áherslur stjórnar





// 2018 - 2019 //

STJÓRN FKA

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og gætir hagsmuna þess á grundvelli laga félagsins. Stjórn ræður til sín framkvæmdastjóra sem er Hrafnhildur Hafsteinsdóttir sem hefur starfað hjá félaginu frá 2016.

- **Formaður: Rakel Sveinsdóttir**, meðeigandi GFK Lindarbæjar verktakafyrirtækis og stjórnarkona í ýmsum stjórnnum.
- **Varaformaður: Guðrún Ragnarsdóttir**, ráðgjafi og meðeigandi ráðgjafafyrirtækisins Strategíu ehf.
- **Gjaldkeri: Lilja Bjarnadóttir**, lögfræðingur og eigandi og stofnandi Sáttaleiðarinnar ehf.
- **Ritari: Áslaug Gunnlaugsdóttir**, lögmaður og eigandi hjá LOCAL lögmönnum.
- **Anna Þóra Ísfold**, Sölustjóri Heilsuborgar.
- **Hulda Ragnheiður Árnadóttir**, framkvæmdastjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands.
- **Ragnheiður Aradóttir**, stofnandi og eigandi viðburðafyrirtækisins PROevents og þjálfunarfyrirtækisins PROcoaching.



ÁHERSLUVERKEFNI STJÓRNAR // 2018 - 2019 //

Veturinn var viðburðaríkur og þá ekki síst fyrir þær sakir að FKA fagnaði 20 ára afmælisári sínu á starfsárinu. Að verkefnum félagsins koma fjölmargar aðildarkonur og þakkar stjórn þeim öllum fyrir þeirra framlag. Meðal áhersluverkefna liðins veturs má nefna:

- Leitað var til félagskvenna um aðkomu að afmælisviðburði í tilefni 20 ára afmælis félagsins þar sem markmiðið var að viðburðurinn yrði sjálfbær. Þetta tókst með eindæmum vel en á fjórða hundrað konur mættu á afmælishátíð félagsins sem fram fór í Hörpu þann 5.apríl sl.
- Hrint var af stað fjármögnun nýrrar vefsíðu en um er að ræða nýja leið til að standa undir nauðsynlegum fjárfestingum sem félagið þarf að ráðast í, án hækkunar félagsgjalda. Fjármögnunin felst í vörusölu sem mun standa út árið.
- Jafnvægisvog FKA birti sínar fyrstu tölur í október 2018 í samstarfi við Deloitte, Sjóvá, TWBA, Morgunblaðið og Velferðarráðuneytið. Í apríl 2019 var skrifað undir samning við Forsætisráðuneytið um fjármagn til að kosta verkefnastjórn Jafnvægisvogarinnar fram á næsta ár.
- Skrifað var undir samstarfssamning við RÚV um viðmælendabjálfun fyrir konur. Þessi bjálfun mun hefjast haustið 2019 og er að fyrirmynd BBC. Þá hefur mbl.is tilkynnt að það muni bætast við í hóp þeirra sem kynjamæla hlutföll viðmælenda sinna.
- FKA er nú formlega komið á skrá hjá Alþingi sem virkur umsagnaraðili. Unnið er eftir þeirri stefnu að umsögnum sé skilað inn þegar málefni tengjast hreyfiaflsverkefnum félagsins. Þá er unnið eftir því að #metoo byltingunni sé fylgt eftir undir formerkjunum „forvarnir og framtíð“.

Félagið hefur styrkst verulega rekstrarlega og hafa hertar innheimtuaðgerðir skilað því að félagatal endurspeglar fjölda greiddra félagsgjalda og því er tími afskrifta hjá félaginu liðinn. Stefnt er að því að sjóðstreymi félagsins nái að styrkjast það mikið að ekki verði þörf fyrir yfirdrátt til að kosta rekstur félagsins yfir sumartímann. Í vetur hefur jafnframt verið unnið að því að stjórn fái brátt til sín regluleg uppgjör. Þá gera áætlanir ráð fyrir að með nýrri vefsíðu muni umsýsla með félagatali einfaldast svo mikið að líkja má breytingunni við ráðningu á starfsmanni í hálft starf.

// 2018 - 2019 //

HREYFIAFLSVERKEFNI FKA

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir stærstu hreyfiaflsverkefnum stjórnar en þau eru: Jafnvægisvogin, Fjölmiðlaverkefnið og #METOO verkefni.

— JAFNVÆGISVOG FKA

Starfsárið 2018 til 2019 var mjög viðburðaríkt ár. Samstarfsaðilar FKA í Jafnvægisvoginni eru Forsætisráðuneytið (áður Velferðaráðuneytið), Sjóvá, Deloitte, Pipar-TWBA og Morgunblaðið. Markmið verkefnisins er að jafna kynjahlutföll í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja og stofnana og að árið 2027 verði hlutfallið orðið 40/60. Guðrún Ragnarsdóttir varaformaður FKA leiðir Jafnvægisvogina fyrir hönd stjórnar og er talsmaður verkefnisins þegar kemur að umfjöllun í fjölmiðlum. Lilja Bjarnadóttir gjaldkeri FKA kom ný inn í verkefnið á þessu ári.

Strax eftir síðasta aðalfund var hafist handa við að þróa mælaborð Jafnvægisvogarinnar en Deloitte átti veg og vanda af þeirri vinnu. Einnig var byrjað á að marka verkefnið en Pipar-TWBA annaðist þá vinnu. Hápunktur Jafnvægisvogarinnar var svo 31. október þegar haldin var ráðstefnan Rétt upp hönd þar sem mælaborðið var formlega kynnt ásamt niðurstöðu úttektar sem Deloitte framkvæmdi. Tæplega 200 manns sóttu ráðstefnuna og í lok hennar undirrituðu fulltrúar 40 fyrirtækja og stofnana viljayfirlýsingu um að unnið verði að markmiðum Jafnvægisvogarinnar næstu 5 árin.

Jafnvægisvogin og ráðstefnan fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum ekki bara hjá Morgunblaðinu samstarfsaðila verkefnisins, heldur öllum helstu miðlum. Sérstakt myndband var útbúið af Pipar-TWBA sem frumsýnt var á K-100 en til gamans má geta að starfsmenn Sjóvá léku öll aukahlutverkin í því myndbandi.





Hafist er handa við undirbúning starfsársins 2019-2020 en nýlega var endurnýjaður samningur við Forsætisráðuneytið. Sá samningur var áður gerður við Velferðarráðuneytið en jafnréttismálin voru færð á milli ráðuneyta um síðustu áramót. Þessi samningur gerir FKA kleift að ráða verkefnisstjóra en Eva Magnúsdóttir hjá Podium hefur sinnt því hlutverki síðasta árið. Samstarfsaðilar FKA í Jafnvægisvoginni hafa ítrekað lýst yfir ánægju sinni með framkvæmd verkefnisins og því var samþykkt á stjórnarfund FKA 9. apríl að semja aftur við Podium um verkefnisstjórn næsta starfsárs. Þá stóð Jafnvægisvogin nýlega fyrir fundi í samstarfi við Kauphöll Íslands þar sem samtalið var tekið við stjórnarmenn skráðra fyrirtækja um mikilvægi þess að jafna hlutfall kynja í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja.

// RÉTT UPP HÖND //





// HREYFIAFLSVERKEFNI //

– FJÖLMIÐLAVERKEFNI FKA



Fjölmiðlaverkefnið hófst árið 2013 en því er ætlað að auka ásýnd kvenna í fjölmiðlum þannig að meiri líkur séu á framgöngu kvenna almennt í samfélaginu. Í vetur var verkefnið leitt áfram af Gunnhildi Örne Gunnarsdóttur, Helgu Margréti Reykdal og Rakel Sveinsdóttur. Í janúar síðastliðinn bættist Áslaug Gunnlaugsdóttir við en eins hefur María Mariusardóttir haft aðkomu að verkefninu frá upphafi.



Síðastliðið haust var leitað til sérfræðinga innan háskólasamfélagsins, Creditinfo og fjölmiðla um leiðir til að samræma kynjamælingar og tölfræði. Í kjölfarið var ákveðið að færa fjölmiðladag FKA þannig að hann færi fram í ársbyrjun í stað þess að vera haldinn að hausti. Þessi breyting gerir FKA kleift að fylgjast með tölum frá fjölmiðlum miðað við 12 mánaða tímabil en ekki frá janúar til ágúst eins og verið hefur. Fjölmiðladagurinn var síðan haldinn þann 21.febrúar sl. Hann hófst á morgunfundi í húsakynnum Bláðamannafélags Íslands þar sem fjölmiðlafólk ræddi um leiðir til að kynjamæla efni. Niðurstöður fundarins voru að helstu fjölmiðlar stefna á að mynda faghóp sín á milli. Síðdegis þennan dag mættu síðan 200 FKA konur á glæsilegan viðburð í húsakynnum RÚV. Þar var sagt frá samstarfssamningi FKA og RÚV um viðmælendabjálfun fyrir konur. Samningurinn er að fyrirmynd BBC. Á fjölmiðladesinum var einnig opinberað að mbl.is myndi hefja kynjamælingar. Í vetur skilaði stjórn FKA inn umsögn til Alþingis vegna frumvarps mennta- og menningarmálaráðherra um styrki fyrir einkarekna fjölmiðla. Í umsögn er lagt til að styrkir verði ekki veittir nema fjölmiðlar skili inn upplýsingum um kynjahlutföll viðmælenda, eins og lög gera reyndar ráð fyrir að gert sé.

– ÁHERSLUR STJÓRNAR VARÐANDI #METOO MÁLEFNI

Mikil áhersla var á #MeToo málefni á fyrri hluta starfsársins. Það tekur ákveðinn tíma fyrir félag eins og FKA að fóta sig og átta sig á því hvert hlutverk félagsins skuli vera í málefnum sem koma upp í samfélaginu á hverjum tíma. Það á einnig við um það sem snýr að #MeToo.

FKA átti fulltrúa í nefnd á vegum Velferðarráðuneytisins sem skipuð var í febrúar 2018 til að meta umfang þeirra mála sem tengjast #MeToo og einelti á íslenskum vinnumarkaði. Verkefni nefndarinnar var skipulagning umfangsmikillar rannsóknar um þessa þætti á vinnumarkaði. Tækifæri FKA með aðild að starfshópnum fólust fyrst og fremst í því að geta haft áhrif á framkvæmd rannsóknarinnar og áherslur sem þar voru settar fram. Við undirbúning funda í starfshópnum var boðað til opinna funda í gegnum heimasíðu FKA með félagskonum sem höfðu veruleg áhrif á fjölbreytileika rannsóknaraðferða, sérstaklega með tilliti til erlendra kvenna á vinnumarkaði.

FKA á einnig fulltrúa í aðgerðarhópi sem skipaður var í ágúst 2018 og ætlað er að koma á fót og fylgja eftir aðgerðum á vinnumarkaði vegna fyrrgreindra áhættuþátta. Þar var einnig leitað til félagskvenna eftir áherslum í nefndarstarfið.

Tveir af fjórtán þáttum sem félagskonur vildu koma á framfæri við nefndina voru eftirfarandi:

- Aldrei ætti að leysa #MeToo mál innanhúss, jafnvel þar sem eru öflugar mannauðsdeildir.
- Innanhúss fagráð og siðanefndir ættu að heyra sögunni til.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að #MeToo byltingin hófst hefur stjórn öðlast mikilvæga reynslu um hversu mikilvægt er að afmarka vel aðkomu sína að málefnum sem þessum. Því hefur verið tekin ákvörðun um að FKA einbeiti sér að forvörnum og framtíð, en ekki einstökum málum eða skoðunum á því hvernig þau eru leyst.

Fundur til undirbúnings að áherslum FKA um innlegg í aðgerðarhóp Félagsmálaráðuneytisins um aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnumarkaði var haldinn meðal félagskvenna og hann sóttur Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands og stjórnarkona FKA, Rocio Calvi mannauðsstjóri hjá Calvi ehf, Berglind Bergþórsdóttir mannauðsstjóri hjá Öskju, Nína Björnsdóttir upplýsingatæknistjóri hjá ISAGA, Ragnhildur Bjarkadóttir sálfræðingur hjá Auðnast, Hrefna Hugosdóttir hjúkrunarfræðingur hjá Auðnast, Sonja M. Scott mannauðsstjóri hjá Kók á Íslandi og Stefanía B. Arnardóttir sérfræðingur í hjúkrun hjá Miðstöð foreldra og barna.





STOLTAR FKA KONUR

– PISTILL FORMANNS
RAKEL SVEINSDÓTTIR

Það er alltaf gefandi að rifja upp starfsár FKA því á hverju ári bætist eitthvað við: nýjar vinkonur, ný viðskiptatengsl, meiri fróðleikur og fræðsla, meiri framgangur í helstu verkefnunum okkar. Starfsárið 2018-2019 er þar engin undantekning en það sem gerir þennan vetur þó frábrugðinn öðrum er að þann 9. apríl síðastliðinn varð félagið okkar 20 ára. Þessum áfanga fögnuðum við í Hörpunni þar sem um 330 konur mættu. Gleðin var allsráðandi og það var kvenorkan líka. Fyrst og fremst gladdi það mig samt að finna hversu stoltar FKA konur eru af félaginu sínu. Enda megum við vera stoltar.

Aðildarkonum fylgar í sífellu og það þrátt fyrir hertar innheimtuaðgerðir og nokkuð sársaukafulla tiltekt í félagatalinu hér um árið. En nú er þessi tími liðinn og á 20 ára afmælisárinu stöndum við keikar: Aldrei fleiri og aldrei sterkari. Um 100 konur starfa í nefndum og deildum og því fullyrði ég það feimnislaust að það grasrótastarf sem fram fer í FKA er það öflugasta sem fyrirfinnst í atvinnulífinu. Til viðbótar erum við öflugt hreyfiafl í íslensku atvinnulífi sem höfum látið verkin tala og því er á okkur hlustað. Já, við megum svo sannarlega vera stoltar FKA konur.

// Upprifjun //

SAGAN OKKAR

Þegar leið að afmælinu var ekki úr vegi að skrifa nokkrar blaðagreinar til að vekja athygli á þessum 20 ára tímamótum FKA. Það gerði ég stolt en rakst auðvitað á þá staðreynd að lítið er til af rituðum heimildum í okkar eigin gagnasafni eða á vef. Að þessu þurfum við að huga fljótlega en til upprifjunar birti ég hér með hluta af grein sem ég skrifaði í Viðskiptablaðið og var birt þann 4. apríl sl.:

„Félagið var stofnað þann 9. apríl árið 1999. Aðdragandinn var sá að Finnur Ingólfsson, þáverandi Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, skipaði starfshóp árið 1997 sem hafði það hlutverk að meta þörf á stuðningsaðgerðum fyrir konur í atvinnurekstri. Nefndin lauk störfum í nóvember árið 1998 og var niðurstaða hópsins sú að stuðningsaðgerða væri þörf. Meginforsendan var sú að hlutdeild kvenna í atvinnurekstri var í engu samræmi við atvinnuþátttöku þeirra og þó þekkt að lykilatriði til að auka á hagsæld samfélagsins, er rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Fyrir tuttugu árum síðan lágu einnig þá þegar fyrir rannsóknir sem studdu mikilvægi aðkomu kvenna í rekstri. Í ræðu ráðherra á stofnfundi FKA sagði Finnur Ingólfsson ráðherra meðal annars: „Þá hafa rannsóknir sýnt að fyrirtæki þar sem konur eru við stjórn, eru oftar en ekki betur rekin en þau sem karlar stýra, auk þess sem sjaldgæfara er að þau fari í þrot en þau sem rekin eru af körlum.“

Frá árinu 2005 hafa inntöskuskilyrði FKA miðast við konur sem eru í stjórn, stjórnendur eða eiga sitt eigið fyrirtæki og heitir félagið í dag því Félag kvenna í atvinnulífinu en ekki í „atvinnurekstri.“ Þetta var mikilvæg breyting á lögum félagsins því þá þegar sýnt að konur hafa í áratugi menntað sig í miklum mæli tengt rekstri og stjórnun. Mikilvægt er að viðskiptalífið verði ekki af þeim mannauði sem í þessum konum býr.

Á síðasta áratug hefur FKA staðið fyrir ýmsum verkefnum til að knýja fram breytingar. Fyrsta verkefnið hófst árið 2009 og fól í sér markmið um að fjölga konum í stjórnun. Kynjakvótalögin tóku síðan gildi árið 2013. Það ár fór FKA af stað með fjölmiðlaverkefni FKA en því er ætlað að auka á sýnileika kvenna í fjölmiðlum. Mikill mannauður annars að fara á mis við. Stærsta verkefnið okkar síðustu misseri er Jafnvægisvog FKA en það er unnið í samstarfi við Forsætisráðuneytið, Sjóvá, Deloitte, Pipar/TWBA og Morgunblaðið. Markmið Jafnvægisvogar FKA er að hlutföllin verði 40/60 í framkvæmdastjórnun.

// Upprifjun //

VETURINN 2018 - 2019

Á síðasta áratug hefur FKA staðið fyrir ýmsum verkefnum til að knýja fram breytingar. Fyrsta verkefnið hófst árið 2009 og fól í sér markmið um að fjölga konum í stjórnun. Kynjakvótalögin tóku síðan gildi árið 2013. Það ár fór FKA af stað með fjölmiðlaverkefni FKA en því er ætlað að auka á sýnileika kvenna í fjölmiðlum. Mikill mannauður annars að fara á mis við. Stærsta verkefnið okkar síðustu misseri er Jafnvægisvog FKA en það er unnið í samstarfi við Forsætisráðuneytið, Sjóvá, Deloitte, Pipar/TWBA og Morgunblaðið. Markmið Jafnvægisvogar FKA er að hlutföllin verði 40/60 í framkvæmdastjórnun.

Það væri langur listi að rifja upp allt það sem við höfum gert í vetur en mig langar sérstaklega til að nefna nokkra viðburði.

Haustferðin:

Í Póllandi skapaðist vinskapur á milli kvenna sem við ferðafélagarnir flestar höfum sammælt um að sé einstakur. Meðal dagskrárliða var heimsókn til Ingibjargar Sólgrúnar Gísladóttur, framkvæmdastjóra Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE. Ég nefni þessa ferð þó ekkert síður fyrir þær sakir að ef það er eitthvað sem við FKA konurnar höfum lært á umliðnum árum, þá er það að ferðir innanlands og utan, eru okkur ómetanlega verðmætar sem hluti af því starfi að efla tengsl.

Rétt upp hönd – Jafnvægisvögin:

Um 200 gestir mættu á ráðstefnu Jafnvægisvogarinnar í október þar sem tölur Jafnvægisvogar voru birtar í fyrsta sinn. Ríflega 40 fyrirtæki skrifuðu þennan dag undir viljayfirlýsingu um þátttöku en með því ætla þau að skuldbinda sig til að jafna hlutföll stjórnenda í 40/60. Þá þróuðum við mælaborð með tölfraði helstu upplýsinga um stjórnir, stjórnendur, jafnlaunavottun o.fl. en þetta mælaborð má sjá á www.fka.is.

Viðurkenningarhátíðin: Margrét í Pfaff!

Það hefur löngum verið viðurkennt að einn áhrifamesti formaður FKA er Margrét Kristmannsdóttir framkvæmdastjóri Pfaff. Hún hlaut FKA viðurkenninguna í ár sem var sérstaklega skemmtilegt því nú eru 10 ár frá því að hún hratt af stað fyrsta hreyfiaflsverkefni FKA: Stjórnarverkefnið svo kallaða sem síðar endaði í kynjakvótalögum. Aðrar sem hlutu viðurkenningar voru Sigríður Snævarr sem hlaut þakkarviðurkenninguna og Helga Valfells sem hlaut hvatningarverðlaunin.

Samstarfssamningur við RÚV og fjölmiðla:

Á fjölmiðladegi mættu 200 konur í húsakynni RÚV þar sem við opinberuðum nýjan samstarfssamning við RÚV um viðmælendabjálfun fyrir konur. Samningurinn er til þriggja ára og felur í sér að árlega verða 10 konur valdar úr hópi umsækjenda og þjálfaðar af sérfræðingum til að koma fram í fréttum og viðtölum. Fyrirmynd samningsins er frá BBC.

Með þá framtíðarsýn sem við erum með í farteskinu fyrir FKA eru ótrúlega mörg stór tækifæri framundan. Hlutverkin okkar hafa líka verið mótuð vel en allt eru þetta niðurstöður áralangrar stefnumótunarvinnu félagskvenna sem lauk í Kríunesi í janúar 2016. Eflaust mun það taka okkur nokkur ár til viðbótar að innleiða stefnuna til fulls en ég hef þó aldrei verið sannfærðari um að framtíð FKA er björt. Við stöndum á traustum grunni og munum án efa halda áfram að byggja upp öflugt félag. Allt snýst þetta þó um það framlag sem hver og ein kona stendur fyrir með sinni aðild í FKA. Ef ekki væri fyrir ykkur, væri félagið okkar ekki orðið allt það sem það er. Þannig að TAKK allar fyrir að taka þátt og takk fyrir að hafa trú á FKA.

Ykkar, Rakel Sveinsdóttir

Formaður FKA

"Já, við megum svo sannarlega vera stoltar FKA konur".

KRAFTUR KVENNA Í FKA

— PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA HRAFNHILDUR HAFSTEINSDÓTTIR



Mikið ótrúlega er ég stolt af starfsárinu sem markar jafnframt 20 ára starfsafmæli félagsins sem nú er hálfnað en hófst með glæsilegum afmælisviðburði þar sem á fjórða hundrað konur mættu í Hörpuna til að fagna þessum tímamótaviðburði í sögu félagsins. Ég er þakklát öllum þeim öflugum konum sem staðið hafa að starfi félagsins en fyrir FKA störfuðu um 100 konur í vetur í stjórnun, nefndum, deildum og ráðum félagsins. Ég get með sannni sagt að FKA er eitt auðugasta félag landsins þegar kemur að mannauði og krafti félagskvenna. Fyrir hönd FKA þá þakka ég öllum þeim kraftmiklu konum fyrir samstarfið á árinu og fyrir það mikla og óeigingjarna starf sem þær vinna í þágu félagsins.

// Upprifjun //

STRAUMLÍNULÖGUN - INNRA STARF

Starfsárið 2018 - 2019 hófst í september með glæsilegum viðburði í Höfða. Sú nýbreytni var á innra starfi nefnda að framkvæmdastjóri hitti hverja nefnd á stefnumótunarfundi sl. vor þar sem nefndir skiptu með sér verkum og settu sér stefnu fyrir haustið. Markmiðið var að innleiða meira sjálfstæði hjá nefndum í viðburðahaldi. Áhersla skrifstofu í vetur hefur verið á straumlínulögun ferla og innra starfs sem mælst hefur vel fyrir en áframhaldandi vinna verður á því til að byggja undir og efla innra starf.

ÖFLUGASTA VIÐBURÐAÁR FKA

Það má segja að ákveðin sprenging hafi orðið í viðburðahaldi á undanförunum árum en í ár hafa aldrei verið haldnir fleiri viðburði í FKA eða um 100 á starfsárinu. Þetta er tvöföldun á viðburðum félagsins á aðeins þremur árum. Landsbyggðanefndir héldu yfir 30 fundi á starfsárinu og fór fram öflugt starf í landsbyggðahlutum að undanskildum Vestfjörðum þar sem ekki náðist að halda úti starfi vegna breytinga á nefndinni um mitt ár. Ein af megináherslum FKA er að halda úti öflugum starfi á landsbyggðinni sem áfram verður lögð áhersla á sem og efling landsbyggðahluta. FKA miðvikudagsmorgnarnar hafa fest sig í sessi í starfi FKA. Fundirnir eru haldnir fyrsta miðvikudag í mánuði og er þeim jafnframt streymt til félagskvenna sem notið hefur mikilla vinsælda, en FKA streymir völdum fundum til félagskvenna s.s. FKA hátíðinni og stórum viðburðum.

FJÖLDI FÉLAGSKVENNA

Frá upphafi hefur verið þó nokkur velta á félagatalinu ár frá ári en þrátt fyrir hertar innheimtuaðgerðir hefur dregið úr þeim síðustu misseri. Fjölgun félagskvenna í vetur nam um 5% en þær voru 1115 í september síðtliðnum en eru 1170 þegar þetta er ritað. Fjöldi félagskvenna í deildum skiptist sem hér segir: Um 150 konur eru samanlagt í landsbyggðardeildunum, um 140 konur í FKA Framtíð, um 100 konur í LeiðtogaAuði og um 230 í Atvinnurekendadeild.

Sem fyrr er lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum félagskonum og haldið var áfram að leiða nýjar konur inn í starfið með sérstökum nýliðafundum. Má þar nefna nýliðafundi þar sem nýjar félagskonur fengu „FKA vinkonu“ sem stuðning út fyrsta árið. CRM kerfi var innleitt fyrir þremur árum og var það þróað enn frekar á árinu en kerfið er hannað í samvinnu við Zenter sem er velunnari FKA.

MARKAÐSMÁL

Félagið hefur aldrei verið eins áberandi í fjölmiðlaumfjöllunum en birtingum fjölgaði um 40% milli áranna 2017 og 2018 samkvæmt Fjölmiðlaskýrslu Creditinfo. Til gamans má geta að árið 2015 voru heildarumfallanir 84 samanborið við 236 árið 2018. Á vormánuðum 2019 varð sú breyting að samstarf um regluleg pistlaskrif félagskvenna í Markaðinum, viðskiptablaði Fréttablaðsins, leið undir lok vegna breytinga hjá blaðinu. Á móti kemur að Jafnvægisvugin er í samstarfi við ViðskiptaMoggann og því þarf það ekki að vera að samdráttur verði mikill í tölum um birtingar fréttar og greina þegar tölfræði fyrir árið 2019 verður birt. Þá er ánægjulegt að segja frá því að í tilefni af Viðurkenningarhátíð FKA var í þriðja sinn gefið út sérstakt sérblað í samstarfi við Fréttablaðið, „Konur og atvinnulífið.” Sérblaðið var einstaklega glæsilegt og starfi ýmissa félagskvenna gerð góð skil í greiddum kynningargreinum.

Á árinu var unnin viðamikil þarfagreining fyrir nýja heimasíðu en eitt af stóru verkefnum næsta starfsárs verður að koma nýrri heimasíðu í gagnið. Mikilvægt er að heimasíða félagsins taki mið af þörfum félagskvenna og unnið er að nýrri heimasíðu sem mun þjónusta félagskonur enn betur, m.a. með greiðslumöguleikum, betri leitarvél, uppflettingu í félagatali, meiri sjálfvirkni og þægilegra viðmóti. Til að fjármagna nýja heimasíðu var ráðist í vörusölu sem kynnt var til sögunnar á afmælishátíðinni í Hörpu. Afmælisnefndin stóð að þessu framtaki og óhætt að segja að vörurnar hafi slegið í gegn. Um er að ræða sölu á dúski og lykkippu frá Feldi ásamt endurnýtanlegum poka með nýju vörumerki FKA. Vörurnar verða seldar á stórum viðburðum FKA út afmælisárið.

FKA er virkt á samfélagsmiðlum, heldur úti bæði lokaðri og opinni félagssíðu, er á LinkedIn og fór á Instagram á starfsárinu. Í ár voru mánudagsmarkpóstar innleiddir, sem gefa yfirlit yfir viðburði vikunnar og þá viðburði sem eru framundan til að gefa félagskonum betri yfirsýn yfir það viðamikla starf sem fram fer og minnka áreiti á útsendingar vegna hvers viðburðar.

Í tilefni af 20 ára afmæli félagsins fékk vörumerki FKA nýtt útlit sem var unnið í samstarfi við OZZ markaðshús. Nýja útlitið byggir í grunninn á því vörumerki sem fylgt hefur félaginu frá upphafi, en þó með nútímalegri blæ. Afmælismerki FKA var kynnt á afmælisdaginn en héðan af fá allar nefndir og deildir nafnið sitt á vörumerkið og geta því notað það sérstaklega í sínu öflugra starfi.

Rekstur félagsins sýnir fram á rúmlega 5,6 milljóna króna hagnað af reglulegri starfsemi samanborið við tæplega 5 milljóna króna hagnað árið 2017. Handbært fé í árslok var 15,4 milljónir samanber 10,7 árið 2017. Þetta þýðir að félagið hefur nú rekstrarlega getu til að standa undir kostnaði skrifstofu og starfsmanns yfir sumartímann án þess að fara í töluverðan yfirdrátt eins og undanfarin ár.

Sú breyting var gerð veturinn 2017/2018 að ógreidd félagsgjöld voru felld niður um áramót og var sami hátturinn hafður á nú. Fjölgun félagskvenna síðustu misseri hefur hins vegar aukið fastar tekjur félagsins og þá hafa hagræðingaraðgerðir lækkað kostnað við stærstu viðburði félagsins. Í vetur var síðan unnið að því í fyrsta sinn, að hægt var að gera rekstraráætlun byggða á rauntölum, ólíkt því sem verið hefur til þessa.

Það er með mikilli gleði og stolti sem ég sem framkvæmdastjóri FKA horfi yfir síðasta starfár. Markmið FKA er að efla tengslanet, sýnileika kvenna ásamt því að vera hreyfiafl og með þessi markmið að leiðarljósi þá vinnum við sameinaðar að því að skapa framtíð þar sem jafnvægi og fjölbreytni ríkir.

Kærar þakkir fyrir viðburðaríkt og öflugt ár

Hrafnhildur Hafsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri FKA

"Ég get sagt með sannni að FKA er eitt auðugasta félag landsins þegar kemur að mannauði og krafti félagskvenna".

VIÐBURÐIR Á ÁRINU

— FUNDIR Á VEGUM SKRIFSTOFU OG STJÓRNAR FKA

Ágúst

Morgunfundur, FKA, AMIS og Sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi

September

Kick off nefnda og deilda

September

Opnunarviðburður starfsárs FKA 2018-2019 í Höfða

Október

Kvennafri 2018

Október

Jafnvægisvog FKA – Ráðstefnan ”Rétt upp hönd”

Janúar

METOO – Viltu hafa áhrif í FKA?

Janúar

Fyrirtækjaheimsókn í Valitor

Febrúar

FKA Viðurkenningarhátíðin 2019

Febrúar

FKA Miðvikudagsmorgun – ”Út úr boxinu” með Rúnu Magnúsdóttur

Febrúar

Fjölmíðladagur FKA – RÚV býður FKA konum heim

Apríl

20 ára afmælishátíð FKA

Mái

Aðalfundur FKA

— ATVINNUREKENDAEILD

Nóvember

Stytting vinnuvikunnar

Nóvember

Stafrænt forskot

Desember

FKA miðvikudagsmorgun – Fyrirtækjakynningar og jólafundur

Febrúar

Námskeið – Hagnýting stafræns forskots

Febrúar

Kynning á þjónustufyrirtækjum félagskvenna

Mars

Vorferð AFKA á Vesturland

Mái

Fyrirtækjakynningar

Mái

Aðalfundur

— LEIÐTOGAAUÐUR

Ágúst

Hádegisfundur og samtal við RUNA BOUIUS en hún er reyndur leiðtogi, ráðgjafi og fyrirlesari

September

Konur og góðir stjórnarhættir

Október

Speeddate mentora í LeiðtogaAuði og lærlinga úr FKA framtíð

Október

Móttaka á Bessastöðum til Elizu Reid forsetafrúar

Desember

Jólafundur LeiðtogaAuðar á Mími

Febrúar

Hádegishittingur - Kauphöllin og stjórnir fyrirtækja

Mars

Krónan og samfélagsábyrgð: Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri

Apríl

Hvenær er nóg nóg? Vorferð í Fosshótel Reykholt og Kraumu

Mái

Aðalfundur LeiðtogaAuða

— ALÞJÓÐANEFND

September

Konur og góðir stjórnarhættir

Nóvember

Speeddate mentora í LeiðtogaAuði og lærlinga úr FKA framtíð

Janúar

Jólafundur LeiðtogaAuðar á Mími.

Mars

Hádegishittingur - Kauphöllin og stjórnir fyrirtækja.

— FRÆÐSLUNEFND

September

Nýliðamóttaka FKA „Fótaðu þig í FKA“

Október

„Hvað er að gerast á samfélagsmiðlunum“

Febrúar

„Bestun í lífi og starfi“

Febrúar

Nýliðamóttaka FKA „Fótaðu þig í FKA“

Mars

Málþing fræðslunefndar fært fram til september 2019 „Úr karlakúltúr í kynjajafnvægi – hvernig náum við þangað?“

— GOLFNEFND

Mái

Golfferð til Spánar

Júní

Golfferð til Vestmannaeyja

— NÝSKÖPUNARNEFND

Október

Þarf ég einkaleyfi, hönnunarvernd eða vörumerkjavernd? Hvað á ég þá að gera - hvað má og hvað má ekki?

Febrúar

Sölustarf erlendis - Hvernig hafa íslensk fyrirtæki náð tökum á því að selja vörur sínar á stórum markaði þar sem samskiptamynstur eru ef til vill gjörólik því sem gerist á heimamarkaði?

— VIÐSKIPTANEFND

September

Fyrirtækjaheimsókn til Florealis

Október

Hraðstefnumót á Fjalakettinum

Nóvember

Fyrirtækjaheimsókn í Hótelrekstur

Desember

Jólarölt FKA 2018

Janúar

Fyrirtækjaheimsókn í Danscenter

Febrúar

Fyrirtækjaheimsókn til Skeljungs

Mars

Fyrirtækjaheimsókn til Advania

Apríl

Fyrirtækjaheimsókn til PEAFF

— FKA FRAMTÍÐ

September

Kynningarfundur

September

Sunnudagsfundur #1

Október

Sunnudagsfundur #2 – Konur eru konum bestar

Október

Speed date Mentorverkefnis

Nóvember

Framtíðarkokteill

Desember

Framtíðar Jólakokteill í BIOEFFECT

Janúar

Framtíðarkokteill á landsbyggðinni

Janúar

Sunnudagsfundur #4

Febrúar

Sunnudagsfundur #5
– Ungar konur í stjórnmálum

Febrúar

ALDA KAREN
- hádegisfyrirlestur LIVE frá Akureyri

Apríl

Sunnudagsfundur #6 – Áhættustýring

Mái

Aðalfundur FKA Framtíðar

Mái

Lokaviðburður FKA Framtíðar

— FKA VESTURLAND

Október

Heimsókn í fyrirtæki kvenna á Akranesi

Desember

Heimsókn í fyrirtæki kvenna á Hellisandi og Rifi

Mars

A-FKA kom í vorferð á Vesturland

Apríl

Heimsókn í fyrirtæki kvenna í Ólafsvík

Mái

Vorferð FKA Vesturlands

— FKA NORÐURLAND

September

Morgunfundur

September

Góð tengsl, gulls ígildi – Alda Sigurðardóttir frá Vendum

September

Östöðvandi í Topp Tilfinningalegu ástandi – Bjartur

Október

Morgunfundur

Október

Hópefli á Hauganesi (féll niður)

Október

Happy Hour (sett inn í staðinn fyrir Hópefli á Hauganesi)

Nóvember

Morgunfundur

Nóvember

Fjölmening, bölvun eða blessun í fyrirtækjarekstri – Kristín Björk Gunnarsdóttir

Nóvember

Pop up/ Kvennakvöld í Kistu

Desember

Jólaboð í Ísabellu og Centro

Desember

Morgunfundur

Janúar

Morgunfundur

Janúar

Hvernig nærðu árangri, framkomunámskeið
– Edda Hermannsdóttir og Eva Laufey Kjara

Febrúar

Morgunfundur

Febrúar

Alda Karen hádegisfyrirlestur

Mars

Morgunfundur

Mars

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja
– Róbert Genis (féll niður)

Apríl

Morgunfundur

Apríl

Vorferð FKA Norðurlands – Sjálfsrækt í Svarfaðardal

Mái

Morgunkaffi

— FKA SUÐURLAND

Nóvember

Fræðslufundur, Mixer

Desember

Fyrirtækjaheimsóknir

Janúar

Fræðslufundur, FKA Suðurland og FKA Framtíð

Febrúar

Kynningarfundur, Fab Lab og Uppbyggingarsjóður SASS

Febrúar

Morgunfundur, Almarsbakarí

Mars

Fyrirtækjaheimsókn, Lindin

Apríl

Súpufundur

Mái

Övissuferð



– OPNUNARVIÐBURÐUR FKA 2018 - 2019

FKA hóf starfsárið 6. september með glæsilegri móttöku í Höfða í boði Borgarráðs þar sem formaður Borgarráðs og fyrrum formaður stjórnar FKA, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir tók á móti félagskonum. FKA þakkar Borgarráði og fyrrum formanni Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur fyrir fallegar móttöku en veturinn fór vel af stað með þessum glæsilega viðburði.



– HAUSTFERÐ TIL PÓLLANDS

// Gdansk og Varsjá //

50 félagskonur FKA lögðu land undir fót og heimsóttu tvær borgir í haustferð FKA 2018 - Gdansk og Varsjá. Ferðin var blanda af fræðslu, fróðleik, fyrirtækjaheimsóknum, tengslamyndun og því að njóta. FKA konur heimsóttu Long Vita, Health and Spa og fengu kynningu frá Jónínu Ben. Ingibjörg Sólrún og Urður Gunnarsdóttir tóku á móti hópnum í OSCE. Kosminzki háskólinn og félagasamtök tóku á móti hópnum og kynntu stöðu kvenna í Póllandi.

Félagskonur nutu þess besta sem þessar fallegu borgir hafa upp á að bjóða, fóru í siglingu, lestarferðir, nutu góðs matar en upp úr standa tengslin á milli þessa flotta hóps. Ferðin var skipulögð af ferðanefnd FKA, Lísu Maríu Karlsdóttur, Ernu Arnardóttur, Jónínu Bjartmarz og framkvæmdastjóra FKA, Hrafnhildi Hafsteinsdóttur.



— FKA HÁTÍÐIN 2019

Stærsti árlegi viðburður félagsins, FKA Viðurkenningarhátíðin, var haldin þann 31. janúar í Gamla bíó. Viðurkenningar FKA hafa verið veittar frá stofnun félagsins árið 1999 og voru nú veittar í 20 sinn. Þrjár konur voru heiðraðar fyrir eftirtektarverð störf og framlag í atvinnulífinu. Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, hlaut FKA Viðurkenninguna. Sigríður Snævarr sendiherra fékk Þakkarviðurkenningu FKA og Helga Valfells, framkvæmdastjóri Crowberry Capital, Hvatningarviðurkenningu FKA. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra veitti viðurkenningarnar ásamt formanni FKA, Rakel Sveinsdóttur.

FKA skipar dómnefnd á hverju ári til að velja þær konur sem hljóta viðurkenningar félagsins hverju sinni.

Stjórn FKA þakkar dómnefnd fyrir vandasamt verk og vel unnin störf.

Dómnefnd 2019 skipaði fjölbreyttur hópur fólks úr atvinnulífinu en yfir 100 tilnefningar bárust til félagsins.

— DÓMNEFND

Hafðís Jónsdóttir

fyrirum formaður FKA og forstjóri Lauga Spa

Anna Þóra Ísfold

stjórnarkona FKA og sölustjóri Heilsuborgar

Salóme Guðmundsdóttir

framkvæmdastjóri Icelandic Startups

Hrund Runólfssdóttir

forstjóri Veritas

Sigurður Brynjar Pálsson

forstjóri BYKO

Ari Kristinn Jónsson

rektor HR

Sæmundur Sæmundsson

forstjóri Borgunar



// 1999 - 2019 //

— 20 ÁRA AFMÆLI FKA

*FKA fagnar 20 ára starfsafmæli á árinu.
Af því tilefni var blásið til glæsilegs viðburðar í
Hörpu 5. apríl þar sem hátt í 400 konur
fögnuðu saman.*



Afmælisnefnd FKA stóð fyrir viðburðinum ásamt stjórn og framkvæmdastjóra FKA og var dagskráin ekki af verri endanum.

Sirkus Íslands stóð fyrir skemmtilegum uppákomum, DJ Dóra Júlía, Kristján Jóhanns og Geir Ólafs, Regína Ósk og Anna Svava Knútsdóttir stigu á stökk og skemmtu viðstöddum konum.

Fyrrum formenn og framkvæmdastjórar FKA stigu á svið en sannkölluð afmælisstemning ríkti í Hörpu á þessum tímamótaviðburði í sögu FKA.

FKA þakkar afmælisnefnd og öllum þeim konum sem mættu á viðburðinn sem og þeim sem að honum komu og gerðu hann eftirminnilegan og glæsilegan.

— MEÐAL SKEMMTIATRÍÐA

Sirkus Íslands

DJ Dóra Júlía

Kristján Jóhannsson

Geir Ólafsson

Regína Ósk Óskarsdóttir

Anna Svava Knútsdóttir



1999 - 2019

FKA

FÉLAG KVENNA Í ATVINNULÍFINU





— ATVINNUREKENDADEILD

Tilgangur Atvinnurekendadeildar skv. 2. gr. samþykktar deildarinnar „er að skapa sérstakan vettvang fyrir konur sem starfa fyrir eigin reikning m.a. með það að markmiði að standa vörð um hagsmuni þeirra sem atvinnurekenda, standa fyrir fræðslufundum sem taka mið af þörfum þeirra og áhugasviði og efla tengslanet þeirra”.



STARFSÁRIÐ 2018 – 2019

Fyrsti viðburður starfsársins var fundur þann 12. nóv. 2018 með Hannesi G. Sigurðssyni aðstoðarframkvæmdastjóra um lagafrumvarp um styttingu vinnuvikunnar og um mat Hannesar á þeim neikvæðu áhrifum á íslenskt efnahagslíf – sem myndu leiða af lögfestingu þess ef af yrði. Fundurinn, sem boðað var til með stuttum fyrirvara, var þó mjög vel sóttur, góður rómur gerður að málflutningi Hannesar og málefnalegar umræður að erindi hans loknu.

Annar viðburður starfsársins var 27. nóvember í Sjávarklasanum þar sem Fjalar Sigurðsson hjá NMI kynnti námskeið um „Stafrænt forskot“.

Færri konur komust að en vildu á þennan fund og því var ákveðið að bjóða síðar upp á námskeið um sama efni.

Þann 5. desember bauð A-FKA til hefðbundinnar **fyrirtækjakynningar á jólafundi** með veitingum og glæsilegu happdrætti þar sem eftirtalдар félagskonur kynntu sig og fyrirtæki sín: Anna Ólafsdóttir - Propac ehf. / Litla gæludýrabúðin * Gerður Pálmadóttir – Hugvirkjun – Hulduheimar * Hrönn Margrét Magnúsdóttir – Feel Iceland / Ankra ehf. * Margrét Rósa Einarsdóttir - Hótel Glymur * Þrúður Óskarsdóttir – Forstofan ehf.

7. febrúar 2019 bauð A-FKA, í samstarfi við NMI, félagskonum upp á 3ja klst. „hands- on“- námskeið þar sem kennt var að hagnýta stafrænt forskot fyrirtækja, m.a. að skipuleggja notkun samfélagsmiðla og aðferðir til að samnýta þá. Sem fyrr komust færri að en vildu eða aðeins 20 konur – en þrátt fyrir það tókst ekki að ljúka yfirferð efnis á tilsettum tíma og gafst þátttakendum kostur á framhaldsnámskeiði í tveimur minni hópum.

27. febrúar hélt A-FKA annan góðan og velsóttan fund þar sem sérstök áhersla var lögð á þjónustufyrirtæki félagskvenna og kynningu þeirra. Að sjálfsögðu var boðið upp á góðar og hollar veitingar og veglegt happdrætti í lokin. – Eftirtalдар félagskonur kynntu sig og fyrirtæki sín á þessum fundi: Auður Ösp Jónsdóttir – InfoData ehf. * Ingibjörg Valdimarsdóttir – Stay West og Ritari ehf. * Ragnheiður Aradóttir – PROevents ehf. – PROcoaching.

— STJÓRN

Formaður

Jónína Bjartmarz, Okkar konur í Kína OK ehf.
– kjörin til 2ja ára

Varaformaður

Kristín Björg Jónsdóttir, Polarn O. Pyret ehf.
– kjörin til 2ja ára

Ritari:

Hrönn Margrét Magnúsdóttir, Ankra ehf.
– kjörin til eins árs

Gjaldkeri:

Anna Ólafsdóttir, Propac ehf. - kjörin til 2ja ára

Meðstjórnandi og umsjónarmaður Facebook:

Ingibjörg Steinunn Ingjaldsdóttir, Prentmet ehf.
– kjörin til 2ja ára

Meðstjórnandi:

Lilja Bjarnadóttir, Denim ehf. – Levi's á Íslandi
– kjörin til 2ja ára

Meðstjórnandi:

Kolbrún Björgúlfssdóttir, Kogga Ceramic Gallery & Studio - kjörin til eins árs

Varamaður:

Þórdís Helgadóttir, Þórborg ehf. og Hárný ehf.
– kjörin til eins árs

Varamaður:

Hulda Helgadóttir, HH Ráðgjöf ehf.
– kjörin til eins árs

A-FKA heldur áfram viðtekinni venju og leggur sem fyrr áherslu á samstarf við landsbyggðadeildir FKA, á öflugt tengslanet og stuðning við konur á landsbyggðinni. Að þessu sinni héldu um 50 félagskonur af höfuðborgarsvæðinu í 2ja daga ferð á Vesturland, 22.-24. mars s.l., þar sem helstu byggðarlög í landshlutanum voru heimsótt!

Ferðin þótti takast með eindæmum vel, vera bæði skemmtileg og fróðleg og er það, að ferðanefnd A-FKA ógleymdri, ekki síst að þakka góðri samvinnu við Vesturlandsdeildina og þær konur sem í henni starfa og stýra.



Félagskonurnar á Vesturlandi sem glæsilega kynntu fyrirtæki sín og/eða tóku á móti hópnum á Vesturlandi eru þessar:

Dýrfinna gullsmiður * Ásta Björg Gísladóttir - Verslunin Bjarg * Hrafnhildur Geirsdóttir Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar * Ingibjörg Valdimarsdóttir - Stay West og Ritari ehf. * Erla Friðriksdóttir - Æðardúnsetrið * Anna Melsteð - Anok margmiðlun * Sara Hjörleifsdóttir - Sjávarpakkhúsið * Steinunn Helgadóttir - Narfeyrarstofa * Heiðrún Höskuldsdóttir og Rebekka Guðjónsdóttir - Bókaverslun Breiðafjarðar * Sigríður Erla Guðmundsdóttir hjá Leir 7 og Gréta María Árnadóttir - gullsmiður * Kristín Vigfúsdóttir - Valfell fiskverkun * Katrín Gísladóttir og Lilja Hrund Jóhannsdóttir - Sker veitingahús * Anna Þóra Böðvarsdóttir - Gilsbakka.

Auk þess tóku 4 bæjarstjórar á móti hópnum í ferðinni; Sævar Freyr Þráinsson á Akranesi, Björg Ágústsdóttir í Grundarfirði, Kristinn Jónasson í Snæfellsbæ og Jakob Björgvin Jakobsson í Stykkishólmi. Loks komu eftirtaldir FKA konur að móttöku hópsins á einn eða annan hátt; Hjördís Pálsdóttir - Norskahúsið *, Berglind Axelsdóttir - Grunnskólinn í Stykkishólmi * Gyða Steinsdóttir - KPMG í Stykkishólmi * Þórhalla Baldursdóttir - Landsbankinn Ólafsvík og síðast en ekki síst Ragnheiður Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsnes sem heillaði okkur allar með þekkingu sinni og einstakri frásagnargáfu.

Síðasti áfangastaður ferðarinnar var Hótel Glymur í Hvalfirði þar sem hópurinn naut saman hádegisverðar í yndislegu umhverfi hjá Margræti Rósu Einarsdóttur, hóteltjóra eða Möggu Rósu eins og hún er alltaf kölluð.

— VIÐBURÐIR 2018-2019

Nóvember

Stytting vinnuvikunnar

Nóvember

Stafrænt forskot

Desember

FKA miðvikudagsmorgun - Fyrirtækjakynningar og jólafundur

Febrúar

Námsskeið - Hagnýting stafræns forskots

Febrúar

Kynning á þjónustufyrirtækjum félagskvenna

Mars

Vorferð AFKA á Vesturland

Mai

Fyrirtækjakynningar

Mai

Aðalfundur

Loks er rétt að geta þess að stjórn A-FKA hefur þegar ákveðið að næsta vorferð verður á Suðurland - helst alla leið frá Hveragerði í Höfn, 2ja daga ferð 3. - 5. apríl 2020 og gert er ráð fyrir að fljúga aðra leiðina.

Ferðanefnd er þegar skipuð og tekur til starfa innan skamms!

— LEIÐTOGAAUÐUR

Hlutverk LeiðtogaAuðar er að efla tengslanet kvenna í stjórnunar- og áhrifastöðum í atvinnulífinu og að auka þátttöku og áhrif kvenna í atvinnulífinu.



STARFSÁRIÐ 2018 – 2019

Áherslur LeiðtogaAuðar á starfsárinu voru virkjun á tengslaneti. Annars vegar byggist starfsemi LeiðtogaAuðar á hádegisfundum þar sem framboð sæta er takmarkað og reyndar konur deila reynslu sinni og hins vegar heimsóknum til fólks í atvinnulífinu og víðar.

Starfsemin hófst með hádegisfundi þar sem RUNA BOUIUS, reyndur leiðtogi og fyrirlesari miðlaði reynslu sinni. Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar bauð LeiðtogaAuðum í hádegisheimsókn og fræddi um Nasdaq OMX Iceland. LeiðtogaAuðar áttu afar ánægjulega stund með glæsilegri forsetafrú, Elizu Reid, á Bessastöðum og stjórn LeiðtogaAuðar bauð henni að gerast heiðursfélagi í LeiðtogaAuði.

Jólafundurinn var glæsilegur og móttökur Ingibjargar Guðmundsdóttur á Mímisbar voru ekki af verri endanum. Ásdís Halla Bragadóttir, kom og las úr nýjustu bókinni sinni Hornauga.

Frjáls verslun valdi Grétu Maríu Grétarsdóttur, framkvæmdastjóra Krónunnar, í hópinn "FÓLK Á UPPLEIÐ" en hún sagði okkur frá stefnumótun og samfélagsábyrgð Krónunnar.

Á síðasta starfsári hófst lærimeistaraverkefni LeiðtogaAuðar og FKA framtíðar. Því var fram haldið á þessu starfsári og voru 30 konur frá FKA framtíð paraðar saman við reynsluboltana í LeiðtogaAuði. Mikil ánægja hefur verið með verkefnið.

Starfsárið var síðan toppað með vorferðinni "Hvenær er nóg nóg"? sem í þetta sinn var haldin í Reykholti í Borgarfirði. Konur á öllum aldri auk Borgfirðingsins Gísla Einarssonar sáu um að konur ættu góðan dag. Krauma klikkaði ekki og gómsætur matur á borðum. Eva Magnúsdóttir, formaður LeiðtogaAuðar og Hildur Kristmundsdóttir, forstöðumaður hjá Íslandsbanka og LeiðtogaAuður sögðu í lokin frá ferð til Tanzaníu sem hreyfði við hugmyndum um það hvenær nóg er nóg.

— STJÓRN

Formaður

Eva Magnúsdóttir

Gjaldkeri/ritari:

Lilja Pálsdóttir

Vorferðanefnd:

Lilja Pálsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir, Auður Daníelsdóttir, Rut Gunnarsdóttir

Viðburðanefnd:

Ruth Elfarsdóttir, Ása Karin Hólm, Ingibjörg Ólafsdóttir, Þóra Eggertsdóttir

Inntökunefnd:

Sigrún Andersen, Inga Guðmundsdóttir, Bryndís Hrafnkelsdóttir, Herdís Pála Logan Pálsdóttir

— VIÐBURÐIR 2018-2019

Ágúst

Hádegisfundur og samtal við RUNA BOUIUS en hún er reyndur leiðtogi, ráðgjafi og fyrirlesari.

September

Konur og góðir stjórnarhættir

Oktober

Speeddate mentora í LeiðtogaAuði og lærlinga úr FKA framtíð

Oktober

Móttaka á Bessastöðum til Elizu Reid forsetafrúar

Desember

Jólafundur LeiðtogaAuðar á Mími.

Febrúar

Hádegishittingur - Kauphöllin og stjórnir fyrirtækja.

Mars

Krónan og samfélagsábyrgð: Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri.

April

Hvenær er nóg nóg? Vorferð í Fosshótel Reykholt og Kraumu.

— ALÞJÓÐANEFND

Hlutverk nefndarinnar er að efla erlend samskipti og sjá um haustferðir FKA.



STARFSÁRIÐ 2018 – 2019

Starfsár Alþjóðanefndar gekk einstaklega vel, var fjölbreytt og öflugt. Var mikið rætt um góða stjórnarhætti og hvernig við gætum stutt aðrar konur, tóku fundir vetrarins mið af þessum umræðuefnum nefndarinnar.

Fyrst á dagskrá var haustferð FKA sem farin var til Póllands. Var fullbókað í ferðina, skoðaðar voru borgirnar Gdansk og Varsjá, og í bland við fræðslu og fróðleik var tíminn vel nýttur í tengslamyndun. Í nóvember var haldinn morgunfundur þar sem Hrafnhildur S. Mooney, sérfræðingur Fjármálaeftirlitsins í stjórnarháttum, fjallaði um mikilvægi góðra stjórnarháttanna. Þar sem þetta viðfangsefni hefur reglulega komið upp á fundum Alþjóðanefndar var einstaklega fróðlegt að fá að vita meira um málið. Næsti viðburður var í janúar þar sem Hari Panday, sérfræðingur í stjórnarháttum, hélt fróðlegt erindi um stjórnarsetu í „non-profit“ samtökum og hvernig stjórnir í Kanada hafa tekið á #metoo málefnum.

Stærsti fundurinn var sem endranær á Alþjóðadegi kvenna, þann 8. mars. Fundurinn í ár var haldinn í Vigdísarhúsi og tókst einstaklega vel. Fjórar konur komu og fjölluðu um hvernig þær hafa náð jafnvægi í sínu lífi og var gaman að heyra ólíkar áherslur frá ólíkum konum sem allar miðuðu þó að því sama, að ná jafnvægi. Ferðanefndin er enn að störfum. Verið var að skipuleggja spennandi ferð til Egilsstaða, en vegna háskostnaðar flugs var hætt við það. Haustferðin 2019 verður farin í Glym, Hvalfirði, dagana 21.-22. september með spennandi heimsóknunum og fleiru.



— STJÓRN

Formaður

Jóhanna S. Jafetsdóttir, Fyrirtækjamiðstöð Íslands

Gjaldkeri/ritari:

Hildur Björg Bæringsdóttir, Meet in Reykjavík

Samskiptatengill:

Nanna Ósk Jónsdóttir, DanceCenter RVK

Ágústa Ýr Þorbergsdóttir, NAVIGO slf.

Danielle Pamela Neben, Maresías slf.

Rocio Calvi, Garri

Ferðanefnd Alþjóðanefndar:

Erna Arnardóttir, Allt merkilegt, Merkt

Lísa María Karlsdóttir, Pro B. / Meistaralagnir ehf.

Varamenn:

Fida Abu Libdeh, GeoSilica ehf.

Paula Gould, Mice and Men

— VIÐBURÐIR 2018-2019

September

Haustferð FKA til Póllands

Nóvember

Stjórnarhættir varða alla – konur og karla

Janúar

Stjórnarhættir í samfélögum og áherslur stjórna á #metto málefni

Mars

Alþjóðadagur kvenna

— FRÆÐSLUNEFND

Hlutverk Fræðslunefndar er að vinna að fræðslumálum félagskvenna í formi verkefna og funda.



STARFSÁRIÐ 2018 – 2019

Fræðslunefndin lagði strax tóninn fyrir góðan vetur með því að hittast í upphafi hausts og leggja línurnar fyrir starfsárið. Nefndin fundaði mánaðarlega í allan vetur og var samstíga í áherslum sínum um að hlutverk hennar væri fyrst og fremst að fræða félagskonur og horfa í þeim efnum til umræðu í þjóðfélaginu hverju sinni, skerpa á tengingu samfélagsins við félagskonur FKA.

Nýliðamóttökur voru haldnar í september 2018 og febrúar 2019. Capacent hósti hópinn um haustið og mættu þangað ríflega 80 öflugar og nýjar FKA félagskonur. Það er skemmst frá að segja að þátttaka var langt umfram væntingar á báðum móttökunum og þær búnar að sanna ágæti sitt og nauðsyn. Í nóvember hélt nefndin námskeið sem fjallaði um „Hvað er að gerast á samfélagsmiðlunum“, þar sem farið var yfir allt það heitasta sem er að gerast á samskiptamiðlunum í dag. Loks var Lean námskeið á vegum Gemba haldið í byrjun febrúar sem bar heitið „Bestun í lífi og starfi“ og þótti heppnast vel og var þátttaka félagskvenna með besta móti.

Árlegt málþing fræðslunefndar var skipulagt og áformað þann 21. mars 2019 undir yfirskriftinni „Úr karlakúltúr í kynjajafnvægi – hvernig náum við þangað?“. Efnistöð þingsins byggðust á doktorsrannsókn með samanburði Norðurlanda við Ísland og var fyrirhugað að fundarstjórn og flutningsaðilar yrðu áhugaverðir og þjóðþekktir einstaklingar. Vegna fjölda viðburða FKA seinni hluta vetrar, var ákveðið að skynsamlegt væri að fresta málþinginu fram á haust og verður málþingið auglýst þegar nær dregur.



— STJÓRN

Formaður

Hanna Guðlaugsdóttir, Mosfellsbær/ProactiveHR

Ritari:

Helga R. Eyjólfsdóttir Isavia

Samskiptatengill:

Ásdís Ósk Valsdóttir Húsaskjól

Sigrún Björk Jakobsdóttir, Isavia

Þórdís Hadda Yngvadóttir, Velferðarráðuneytið

Gróa Másdóttir, Gróandi ráðgjöf/Grænar ferðir

— VIÐBURÐIR 2018-2019

September

Nýliðamóttaka FKA „Fótaðu þig í FKA“

Október

„Hvað er að gerast á samfélagsmiðlunum“

Febrúar

„Bestun í lífi og starfi“

Febrúar

Nýliðamóttaka FKA „Fótaðu þig í FKA“

Mars

Málþing fræðslunefndar fært fram til september 2019 „Úr karlakúltúr í kynjajafnvægi – hvernig náum við þangað?“

— GOLFNEFND

Hlutverk nefndar er að efla tengslanet og halda árlegan golfviðburð fyrir FKA konur.



STARFSÁRIÐ 2018 – 2019

Hlutverk Golfnefndar er fyrst og fremst að efla tengslanet og halda árlegan golfviðburð fyrir FKA konur. Tengslamyndun í FKA fer fram á margvíslegan hátt, hinar árlegu golfferðir FKA gefa ekkert eftir þar sem ófá vináttu og viðskiptasambönd hafa myndast í þeim ferðum.

Í júní var farið til Vestmannaeyja þar sem gist var eina nótt. Rúta lagði snemma af stað með 50 glaðar konur austur fyrir fjall og Herjólfur ferjaði konur til Eyja. Gleðin var við völd þegar komið var að landi og skelltu konur sér strax á golfvöllinn. FKA konan Guðbjörg Matthíasdóttir tók vel á móti konum og bauð upp á súpu og brauð í golfskálunum. Um kvöldið var slegið upp í litla Þjóðhátíð og vegleg verðlaunaafhending fór fram. Golfnefndin þakkar öllum FKA konum sem veittu verðlaun enn og aftur fyrir sitt framlag. Á öðrum degi fórum við í Eldheima þar sem Guðbjörg tók aftur á móti FKA konum og bauð öllum aðgang að safninu, síðan var farið til FKA konunnar Bertu Johansen sem tók vel á móti FKA konum. Má með sanni segja að þarna hafi samhentur hópur lagt af stað heim eftir vel heppnaða golf og tengslaferð.

Vetrarstarfið 2018-2019 hefur farið í að undirbúa fyrirhugaða golfferð FKA kvenna sem farin verður dagana 16. - 20. maí 2019 til Barcelona á PGA völinn í Catalunya, en hann er talinn besti golfvöllur Spánar. Ferðaskrifstofan Sensacional World sér um ferðina en hún er í eigu þriggja FKA kvenna. Undirbúningur er á lokastigi og eru 37 konur að fara í þessa spennandi ferð undir lok starfsársins 2018-2019.



— STJÓRN

Formaður

Fjóla G. Friðriksdóttir, Forval

Ritari:

Sigrún Edda Jónsdóttir, Egilsson ehf.

Samskiptatengill:

Sigfríð Runólfssdóttir, Golf Company

Sigrún Traustadóttir, sjálfstætt starfandi.
Hildur Ástþórsdóttir, Fitt
Aðalheiður Karlsdóttir, Spánareignir
Kristín Björg Jónsdóttir, Polarn O. Pyret
Vala Valtýrsdóttir, Deloitte

— VIÐBURÐIR 2018-2019

Júní

Golfferð til Vestmannaeyja

Mái

Golfferð til Spánar

— NÝSKÖPUNARNEFND

Hlutverk Nýsköpunarnefndar er að styðja við félagskonur í nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi.



STARFSÁRIÐ 2018 – 2019

Nýsköpunarnefnd lagði áherslu á hugverkarétt og sölu- og markaðsstarf í dagskrá vetrarins.

Vetrarstarfið hófst með fundi um hvernig hugverkaréttindi stofnast um hönnun, einkaleyfi og vörumerki og leiðir til að vernda réttindin. Margrét Hjálmarsdóttir, yfirlögfræðingur Einkaleyfastofunnar, sá um fræðsluhlutann og miðluðu svo tveir frumkvöðlar af sinni reynslu og ferli í gegnum frumskóg einkaleyfa og hönnunarverndar, þær Sandra Mjöll, stofnandi Platome og vörustjóri hjá Florealis og Emilía Borgþórsdóttir, iðnhönnuður. Hátt í 400 félagskonur ýmist sátu fundinn eða sáu upptöku frá honum. Í haust beitti nefndin sér fyrir að kynna samstarfverkefni um Rising Star og Fast50 keppinnar fyrir félagskonum en því miður náðist ekki nægileg þátttaka. Þá svaraði nefndin ákalli starfsmanna verkefnastjórnar um Nýsköpunarstefnu Íslands og átti með þeim fund þar sem lögð var áhersla á að sérstaða frumkvöðlakvenna á Íslandi yrði höfð í huga við mótun stefnunnar.

Nýsköpunarnefnd FKA og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tóku höndum saman á nýju ári og héldu opinn fund um sölustarf íslenskra fyrirtækja erlendis. Þar stigu á stókk frumkvöðlar sem hafa náð langt á sínu sviði og deildu afrekum sínum og aðferðum, þær Helga Árnadóttir í Tulipop, Þorbjörg Arnórsdóttir á Þórbergssetri, Eyryn Eggertsdóttir í RóRó og Berglind Johansen hjá BioEffect. Systrasamlagið sá um veitingarnar. Rösklega 50 manns sóttu fundinn og á fjórða hundrað hafa séð upptökur af honum. Eftir að fundi var slitið var stór hópur sem nýtti tækifærið til að spjalla við framsögukonurnar og sín á milli, í góðan klukkutíma eða þar til húsvörðurinn vildi komast heim. Komu þar upp á yfirborðið enn fleiri góð ráð og samanburðarsögur.



— STJÓRN

Formaður

Soffía Haraldsdóttir, First Class

Ritari:

Sandra Mjöll Jónsdóttir, Florealis

Samskiptatengill:

Ólína Laxdal, sjálfstætt starfandi ráðgjafi

Huld Magnúsdóttir, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Elfa Björk Sævarsdóttir, Gagnsjá ehf.

Hildur Rún Sigurðardóttir, Kvaran, geoSilica

Erla Skúladóttir, Lauf forks

Gná Guðjónsdóttir, Betri heimur ehf.

Þórunn Hannesardóttir, FÆRID

— VIÐBURÐIR 2018-2019

Október

Þarf ég einkaleyfi, hönnunarvernd eða vörumerkjavernd? Hvað á ég þá að gera - hvað má og hvað má ekki?

Febrúar

Sölustarf erlendis - Hvernig hafa íslensk fyrirtæki náð tökum á því að selja vörur sínar á stórum markaði þar sem samskiptamynstur eru ef til vill gjörólík því sem gerist á heimamarkaði.

— VIÐSKIPTANEFND

Hlutverk Viðskiptanefndar er að efla viðskiptatengsl og sjá um fyrirtækjaheimsóknir félagsins.



STARFSÁRIÐ 2018 – 2019

Starfsár Viðskiptanefndar var gríðarlega öflugt og voru alls átta viðburðir haldnir þar sem megináhersla var á tengsl, gleði og virkari viðskipti sem og fyrirtækjaheimsóknir til fjölbreyttra fyrirtækja. Nefndin vann vel saman, hittist m.a. á stefnumótunum og „pepp“ fundi í byrjun sumars og frá september til apríl voru mánaðarlegir fundir sem haldnir voru til skiptis í fyrirtækjum nefndarkvenna. Fyrsti viðburður starfsársins fór fram í september þar sem frumkvöðlar í Florealis voru heimsóttir. Tekið var tekið á móti félagskonum og FKA Hvatningarviðurkenningarhafinn 2018 Sandra Mjöll Jónsdóttir ásamt Kolbrúnu Hrafnkelsdóttur sem hlaut jafnframt Hvatningarviðurkenningu FKA 2018 tóku ásamt starfsfólki Florealis vel á móti stórum hópi félagskvenna.

Í október var haldið hraðstefnumót á Fjalakettinum en þar gafst konum tækifæri til að mynda ný tengsl í léttu spjalli. Í nóvember var farið í heimsókn til Ragnheiðar í Hótelrekstri. Hið árlega jólarölt var svo haldið í desember og var bæjarfélagið Kópavogur fyrir valinu. Byrjað var á móttöku hjá Kópavogsbæ þar sem Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri tók á móti hópnum. Eftir það var farið í rútu á milli staða og fimm fyrirtæki í bænum heimsótt. Dagurinn endaði í GKG skálanum þar sem mikil skemmtun fór fram og t.d. mætti Karlaórf Reykjavíkur óvænt á svæðið. Það er gaman að segja frá því að metaðsókn var í jólaröltið þar sem um það bil 90 FKA konur mættu. Nýja árið byrjaði svo á dansi í Danscenter hjá félagskonunni Nönnu Ósk Jónsdóttur.

Í febrúar tók fyrirtækið Skeljungur vel á móti félagskonum með félagskonunni Unni Elvu Arnardóttur í forsvari. Í mars tóku þrjá flottar konur sem starfa hjá Advania á móti FKA. Vetrarstarfi Viðskiptanefndar lauk svo á skemmtilegri heimsókn til Margrétar Kristmannsdóttur í Pfaff þar sem starfsemi fyrirtækisins var kynnt. Margrét var einn af viðurkenningarhöfum FKA árið 2019.

— STJÓRN

Formaður

Þórdís Helgadóttir Hárný & Þórborg

Ritari:

Sigríður Örlygisdóttir Póstdreifing og Unnur Elva Arnardóttir, Skeljungur

Samskiptatengill:

Erna Arnardóttir, Allt merkilegt/Merkt ehf

Stella Leifsdóttir, Belladonna & My style

Elin Granz, Harpa

Sólrún Anna Jónsdóttir, Ferðamálastofa

— VIÐBURÐIR 2018-2019

September

Fyrirtækjaheimsókn til Florealis

Október

Hraðstefnumót á Fjalakettinum

Nóvember

Fyrirtækjaheimsókn í Hótelrekstur

Desember

Jólarölt FKA 2018

Janúar

Fyrirtækjaheimsókn í Danscenter

Febrúar

Fyrirtækjaheimsókn til Skeljungs

Mars

Fyrirtækjaheimsókn til Advania

Apríl

Fyrirtækjaheimsókn til PFAFF

– FKA FRAMTÍÐ

Hlutverk FKA framtíðar er að vera leiðtogaðvati til ungra kvenna í atvinnulífinu.



STARFSÁRIÐ 2018 - 2019

Nú er öðru starfsári FKA Framtíðar að ljúka og hefur nefndin staðið fyrir ýmsum viðburðum í vetur. Haldnir hafa verið 11 fundir og eru tveir áætlaðir í maí svo í heildina verða þeir 13. Fjöldi félagskvenna í FKA Framtíð hefur aukist jafnt og þétt og eru nú um 140 konur skráðar í FKA Framtíð.

Mánaðarlegir stjórnarfundir hafa verið haldnir í allan vetur og var ákveðið í upphafi starfsársins að áherslur FKA Framtíðar þennan veturinn yrði skipt í fjögur áhersluverkefni: Mentor verkefni, Sunnudagsfundir, Framtíðarkokteill og Landsbyggðin.

Mentor verkefnið var haldið í annað sinn. Eins og áður þá er um að ræða samstarfsverkefni sem unnið er með LeiðtogaAuði. „Speed date“ var haldið í október og voru 30 pör frá bæði LeiðtogaAuði og FKA Framtíð paraðar saman með það að markmiði að hittast að minnsta kosti einu sinni í mánuði til þess að miðla á milli sín reynslu og þekkingu. Verkefnið hefur verið gríðarlega vinsælt og verður vonandi fastur liður framvegis. Sunnudagsfundir voru haldnir sex sinnum í vetur. Sem fyrr eru fundirnir mikilvægur vettvangur til þess að fá fræðsluerindi frá hinum ýmsu konum úr atvinnulífinu í því skyni að veita konum innan FKA Framtíðar innblástur. Í lok fundanna fór fram spjall og myndun tengslanets.

Ákveðið var að hefja síðasta haust nýtt verkefni sem fékk nafnið Framtíðarkokteill. Þar var markmiðið að heimsækja fyrirtæki í eigu FKA Kvenna og fræðast nánar um það sem þær væru að fást við. Farið var í heimsókn til Íslenskrar erfðagreiningar, Bioeffect og Ölverk. Þakkar FKA Framtíð innilega þeim konum sem buðu okkur í heimsókn. Síðast en ekki síst þá var lagt upp með að reyna að efla tengslin við landsbyggðina í verkefnum vetrarins. Farið var í heimsókn í Hveragerði þar sem FKA Suðurland tók á móti okkur en einnig var viðburður á Akureyri þar sem við sýndum beint frá kynningu Öldu Karenar. Vonast er til þess að gera megi enn betur í því að rækta tengslin við landsbyggðarkonur FKA á komandi árum.

Þessu ári mun svo ljúka með því að kosið verður um 3 sæti í stjórn FKA Framtíðar. Unnið er að því að FKA Framtíð verði gerð að deild innan FKA. Væri það frábært skref í þá átt að sjá þennan hóp vaxa og dafna.

– STJÓRN

Formaður:

Elín Anna Gísladóttir, Isavia ohf.

Varaformaður:

Eygló Rut Guðlaugsdóttir, Isavia ohf.

Ritari:

Valdís Magnúsdóttir, Íslenska Útflutningsmiðstöðin hf.

Samskiptatengill:

Íris Eva Gísladóttir, Flow education

Steinunn Camilla Sigurðardóttir, Iceland Sync

Management ehf.

Soffía Kristín Jónsdóttir, Iceland Sync Management ehf.

Varamaður:

Lilja Bjarnadóttir, Sáttaleiðin ehf.

– VIÐBURÐIR 2018-2019

September

Kynningarfundur

September

Sunnudagsfundur #1

Október

Sunnudagsfundur #2

– Konur eru konum bestar

Október

Speed date Mentorverkefnis

Nóvember

Framtíðarkokteill

Desember

Framtíðar Jólakokteill í BIOEFFECT

Janúar

Sunnudagsfundur #4

Febrúar

Sunnudagsfundur #5

– Ungar konur í stjórn málam

Febrúar

ALDA KAREN

- hádegisfyrirlestur LIVE frá Akureyri

Apríl

Sunnudagsfundur #6

– Áhættustýring

Apríl

Sunnudagsfundur #6

– Áhættustýring

Mái

Aðalfundur FKA Framtíðar

Mái

Lokaviðburður FKA Framtíðar

— AFMÆLISNEFND 2019

Í tilefni af 20 ára starfsafmæli félagsins óskaði FKA eftir konum til starfa til að standa að undirbúningi afmælisviðburðar.



20 ÁRA AFMÆLISHÁTIÐ FKA - 5. APRÍL 2019

Afmælisnefndin hittist á fyrsta fundi þann 18. desember. Nefndin náði strax einstaklega vel saman og augljóst að það yrði skemmtilegt verkefni að skipuleggja afmælishátíðina. Nefndin hittist tvisvar í viku í janúar, vikulega í febrúar og mars. Verkefnum var skipt milli aðila eftir þekkingu og áhugasviði hvernar og einnar og var mikill kraftur settur í að móta grófa umgjörð og kostnaðaráætlun vel í tæka tíð til að kynna formanni, framkvæmdastjóra og stjórn í febrúar.

Heilmikil vinna lá í að útbúa stílhreint markaðsefni í FKA útliti. Markaðsáætlun var ítarleg og tók tillit til allra landshorna þar sem FKA félagskonur er að finna. Mikill metnaður var í öllu auglýsingaefni fyrir afmælishátíðina. Reynt var að tengja skemmtikrafta í viðburðinn við FKA félagskonur þar sem mögulegt var. Einnig fólst heilmikil vinna í öllu umstangi tengt aðföngum fyrir afmælið og kom samningatækni sér vel í að ná hagkvæmari kjörum við kaup aðfanga. Stjórn FKA var skýr í afstöðu sinni til þess að afmælishátíðin yrði að standa undir sér, sem hún gerði og komust færri að en vildu. Afmælishátíðin þótti heppnast vel, vera hin besta skemmtun fyrir félagskonur að lyfta sér upp og eiga góð stund saman og er það sannfæring afmælisnefndarinnar að hátíðin verði haldin reglulega í framtíðinni.

Aukaverkefni nefndarinnar var að hrinda af stað fjáröflun fyrir nýja heimasíðu FKA. Það er skemmt frá að segja, að sala á lyklakippum frá Feldi með merki FKA sem og umhverfisvænum pokum var framar vonum á afmælishátíðinni sjálfri og verður til sölu á stórum viðburðum á árinu til stuðnings nýrri heimasíðu FKA.

— STJÓRN

Formaður

Hanna Guðlaugsdóttir, Mosfellsbær

Skemmtanastjóri:

Steinunn Camilla Stones, Iceland Sync

Kostnaðaráætlun og núllgreining:

Unnur Elva Arnardóttir, Skeljungur

Verkefnastjórar:

Eva Michelsen Michelsen Konfekt og Julie Encausse Finnros

Markaðsáætlun og markaðsefni:

Eva Michelsen Michelsen Konfekt

Hönnuður markaðsefnis:

Julie Encausse Finnros

— FUNDIR 2018-2019

Apríl

20 ára afmælishátíð FKA



— FKA VESTURLAND

Hlutverk FKA Vesturlands er að standa fyrir öflugu starfi FKA á Vesturlandi.



STARFSÁRIÐ 2018 – 2019

Stofnfundur FKA Vesturlands var haldinn á veitingahúsinu Narfeyrarstofu í Stykkishólmi miðvikudaginn 18. apríl 2018. Formaður FKA, Rakel Sveinsdóttir og Steinunn Helgadóttir formaður FKA Vesturlands sögðu frá félaginu, starfinu og kynntu fyrirhugað starf nefndarinnar. Fundinn sóttu tæplega 20 áhugasamar konur.

Á starfsárinu eru nú komnar um 50 konur í nefndina.

Stjórnin kom saman 1. maí 2018 til að leggja grunn að starfinu. Búið var til nýtt netfang og dropbox til að auðvelda öll samskipti þar sem stjórnarkonur búa á ólíkum stöðum á Vesturlandi og að það yrði auðveldara fyrir þær að fylgjast með.

Fyrsti fundur FKA Vesturlands var haldinn í Borgarnesi 15 maí í Landnámssetrinu en markmiðið er að hafa fundina fjölbreytta og haldna víðs vegar um Vesturland til að ná til sem flestra kvenna, skapa fjölbreytni og efla tengslin. Engin vorferð var farin árið 2018 en fyrsti fundur stjórnar var haldinn 12. september 2018.

Markmið stjórnarkvenna var að fjölga félagskonum á Vesturlandi, og halda starfinu öflugu, líflegu og að tengslanet kvenna við aðrar konur í félaginu væru góðar. Atvinnurekendadeild FKA stóð fyrir vorferð á Vesturland helgina 22-24 mars þar sem félagskonur víðs vegar af landinu héldu í ferð vestur og eflaðu tengslin og heimsóttu fjöldan allan af fyrirtækjum kvenna á Vesturlandi.

Stefnan er tekin á vorferð með hækkandi sól sem mun efla stöðu okkar fyrir komandi starfsár stjórnar FKA á Vesturlandi.

— STJÓRN

Formaður

Steinunn Helgadóttir, Narfeyrarstofa í Stykkishólmi

Ritari:

Björg Ágústsdóttir, Bæjarstjóri í Grundarfirði

Samskiptatengill:

Anna Melsteð, Margmiðlunarfyrtæki Anok

Gjaldkeri:

Gyða Steinsdóttir, KPMG í Stykkishólmi

Þórhalla Baldursdóttir, Landsbankinn í Ólafsvík
Sandra Margrét Sigurjónsdóttir, Marel

— FUNDIR 2018-2019

Október

Heimsókn í fyrirtæki kvenna á Akranesi

Desember

Heimsókn í fyrirtæki kvenna á Hellisandi og Rífi

Mars

A-FKA kom í vorferð á Vesturland

Apríl

Heimsókn í fyrirtæki kvenna í Ólafsvík

Maí

Vorferð FKA Vesturlands

— FKA NORÐURLAND

Hlutverk FKA Norðurlands er að standa fyrir öflugum starfi FKA á Norðurlandi.



STARFSÁRIÐ 2018 – 2019

Á starfsárinu voru settir mánaðarlegir morgunfundir, fyrsta fimmtudag í mánuði á Gil Kaffihúsi, fimm til sjö konur mættu þangað að meðaltali á fundi og var það yfirleitt sami kjarninn.

Lagt var upp með að halda einn viðburð í mánuði, skráning réð því svo hvort sá viðburður var haldinn og féllu einhverjir viðburðir niður vegna dræmrar mætingar.

Hilda Jana sagði sig úr stjórn vegna anna fljótlega eftir að vetrarstarf hófst sl. haust.

Þema starfsársins var sjálfsrækt og endaði það með vorferðinni "Sjálfsrækt í Svarfaðardal" sem var sótt af 19 konum af víðs vegar af landinu.

Snjólaug Svala lauk starfi sínu sem formaður og við tekur Anna Kristín Guðmundsdóttir.

— STJÓRN

Formaður

Snjólaug Svala Grétarsdóttir

Ritari:

Anna Kristín Guðmundsdóttir

Samskiptatengill:

Hilda Jana Gísladóttir og Eva Reykjalín Elvarsdóttir



— VIÐBURÐIR 2018-2019

September

Morgunfundur

September

Góð tengsl, gulls ígildi – Alda Sigurðardóttir frá Vendum

September

Óstöðvandi í Topp Tilfinningalegu ástandi – Bjartur

Október

Morgunfundur

Október

Hópefli á Hauganesi (féll niður)

Október

Happy Hour (sett inn í staðinn fyrir Hópefli á Hauganesi)

Nóvember

Morgunfundur

Fjölmennning, bölvun eða blessun í fyrirtækjarekstri – Kristín Björk Gunnarsdóttir

Pop up/ Kvennakvöld í Kistu

Desember

Jólaboð í Ísabellu og Centro

Desember

Morgunfundur

Janúar

Morgunfundur

Janúar

Morgunfundur

Janúar

Hvernig nærðu árangri, framkomunámskeið – Edda Hermannsdóttir og Eva Laufey Kjaran

Febrúar

Morgunfundur

Febrúar

Alda Karen hádegisfyrirlestur

Mars

Morgunfundur

Mars

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja – Röbert Genis (féll niður)

Apríl

Morgunfundur

Apríl

Vorferð FKA Norðurlands – Sjálfsrækt í Svarfaðardal

Mai

Morgunkaffi

— FKA SUÐURLAND

Hlutverk FKA Suðurlands er að standa fyrir öflugu starfi FKA á Suðurlandi.



STARFSÁRIÐ 2018 – 2019

Starfsár FKA Suðurlands hefur verið viðburðaríkt og fjölgun kvenna í deildinni hefur verið umtalsverð. Á starfsárinu hafa verið haldnir sjö stjórnarfundir og átta vel sóttir viðburðir.

Fyrsti viðburður deildarinnar var Mixer, fræðslufundur sem haldinn var þann 27. nóvember 2018 í Betri stofunni á Hótel Selfossi. Gestur fundarins var Hrafnhildur Hafsteinsdóttir framkvæmdastjóri FKA og kjörin var sjö manna stjórn deildarinnar.

Hver stjórnarkona sér um einn viðburð með aðra sér til aðstoðar.

Um miðjan desember var aðventu fagnað með heimsókn í verslunina Vax á Selfossi og í Litlu Garðabúðina og Sjáfnarblóm sem eru í sama húsi. Að loknum stuttum samhringingi var farið í vinnustofu Maríu Lovísu fatahönnuðar.

Í janúar bauð FKA Suðurland FKA Framtíð heim til að styrkja tengslin og kynna starfið í deildinni á veitingastaðnum Ölver Pizza og brúgeri í Hveragerði. Mikil samkennd og gleði ríkti meðal þeirra 40 kvenna sem eyddu kvöldinu saman.

Febrúarviðburðurinn var kynning á Fab Lab og Uppbyggingarsjóði SASS og nokkrum dögum síðar fór fram morgunsamkoma, "Popp upp" í Almarsbakarí í tilefni bolludagsins.

Í lok mars fjölmenntu konur í heimboð í Tískuvöruverslunina Lindina á Selfossi sem fagnar 45 ára afmæli á árinu. Þá var haldinn svokallaður Súpufræðslufundur þann 3. apríl í Gesthúsum á Selfossi. Þar hélt FKA konan Elfur Logadóttir lög- og viðskiptafræðingur erindi um Persónuverndarlögin sem nýverið hafa verið lögfest hérlandis.

FKA Suðurland lýkur vetrarstarfinu 11. maí þegar Suðurlandskonur skella sér í óvissuferð um Rangárvallasýslu.

— STJÓRN

Formaður

Auður I Ottesen

Gjaldkeri

Sandra Grétarsdóttir

Samskiptatengill:

Laufey Guðmundsdóttir

Ritari:

Guðný Söring Sigurðardóttir

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir

Drífa Þrastardóttir

Soffía Theodórsdóttir

— FUNDIR 2018-2019

Nóvember

Fræðslufundur, Mixer

Desember

Fyrirtækjaheimsóknir

Janúar

Fræðslufundur, FKA Suðurland og FKA Framtíð

Febrúar

Kynningarfundur, Fab Lab og Uppbyggingarsjóður SASS

Febrúar

Morgunfundur, Almarsbakarí

Mars

Fyrirtækjaheimsókn, Lindin

Apríl

Súpufundur

Mai

Óvissuferð

– VELUNNARAR

Íslandsbanki hefur verið aðalstyrktaraðili félagsins frá árinu 2010 og var árið 2018 skrifað undir áframhaldandi þriggja ára samning. Markmið samstarfsins er að stuðla að því að efla félagið og leggja áherslu á að miðla fjármálatengdri þekkingu og reynslu til félagskvenna í formi samvinnuverkefna, viðburða og fræðslu.

Að auki eru samstarfsaðilar FKA í Jafnvægisvuginni Forsætisráðuneytið (áður Velferðaráðuneytið), Sjóvá, Deloitte, Pipar-TWBA og Morgunblaðið. FKA þakkar einnig öllum þeim fyrirtækjum sem styðja við starf félagsins. Velunnari tekur þátt í starfi FKA og styður öflugt hreyfiafl í íslensku atvinnulífi.



Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

Deloitte.

SJÓVÁ

Pipar \TBWA



Morgunblaðið



VALITOR



LAGAR SPA

VERITAS

Golf Company



Fyrirmynd eða víti til varnaðar?



Vinnufélagi minn sagði í gríni um daginn að hann legði meira upp úr því að vera öðrum víti til varnaðar heldur en fyrirmynd. Mér fannst þetta ógurlega fyndið enda var verið að tala um hver hefði verið fulli karlinn í nýafstöðnu samkvæmi!

Þetta vakti mig til umhugsunar um þessa samlíkingu. Hvort er maður fyrirmynd eða öðrum konum víti til varnaðar? Ég hef sjálf talað mikið um fyrirmyndir og mikilvægi þeirra. Segi oft að sterkar kvenfyrirmyndir hafi svo sannarlega vantað þegar ég var að alast upp og Vigdís Finnbogadóttir var sú fyrsta sem maður horfði til sem leiðtoga. Í fjármálageiranum hérlandis og erlendis verður seint sagt að maður detti um kvenfyrirmyndir.

„Er þess virði að setja sitt persónulega líf undir, launin þín, húsið þitt og aðgerðir í óvægin dómstól fjölmiðla og samfélagsmiðla?“

Sjálf hef ég reynt mitt besta til að vera konum hvatning til afreka á viðskipta-sviðinu. Ég gef mér alltaf tíma til að hitta ungar konur ef áhugi er á að taka viðtal vegna skólaverkefna eða framtíðar þælinga. Ég hef verið mentor fyrir ungar konur og oft eru þær meira að kenna mér en ég þeim. Það er svo ótrúlega mikið til af flottum framtíðar kvenleiðtogum sem við verðum að styðja og styrkja.

En það er þó oft þannig þegar fjölmiðla-umræða og ágjöfin ætla allt lífandi að drepa að maður hugsar „Er þetta spennandi framtíð fyrir unga konu?“, „Er þess virði að setja sitt persónulega líf undir, launin þín, húsið þitt og aðgerðir í óvægin dómstól fjölmiðla og samfélagsmiðla?“ Margir telja að kvenstjórnendur og kvenstjórnámálmenn fái óvægnari umfjöllun og umræðu almennt. Ekkert er sannað í þeim efnum og líklega upplifum við þetta með ólíkum hætti. Alla vega er þetta atriði sem mikilvægt er að setja inni jöfnuna þegar framtíðin á vinnumarkaði er skipulögð. Þrátt fyrir þessa neikvæðu hlið þá er svo ótrúlega margt skemmtilegt og gefandi við það að fá tækifæri að hafa áhrif sem leiðtogi á menn og málefni. Því ætla ég að leyfa mér að segjast vera að vanda mig við að vera góð fyrirmynd frekar en víti til varnaðar.



Velkomin í hópinn

Við bjóðum alla velkomna í hóp
ánægðra viðskiptavina Íslandsbanka.
Skráðu þig í viðskipti á netinu, það
tekur aðeins örfáar mínútur!

**Kynntu þér málið á islandsbanki.is/velkomin
og smelltu þér í viðskipti.**



ÞAKKIR TIL PRENTMET FYRIR PRENTUN Á ÁRSSKÝRSLU FKA 2019



Ingibjörg Steinunn Ingjaldsdóttir stofnaði **Prentmet** árið 1992 og hefur rekið fyrirtækið síðan ásamt eignumanni sínum Guðmundi Ragnari Guðmundssyni. Frá stofnun hefur fyrirtækið haft að leiðarljósi hraða, gæði og persónulega þjónustu. Þau hjón eiga einnig 50% hlut í innflutningsfyrirtækinu Umbúðir og ráðgjöf, sem flytur inn margs konar umbúðir sem ekki er hagkvæmt að framleiða hérlandis, eins og bylgjupappa. Umbúðir og ráðgjöf bjóða umhverfisvænar lausnir og helstu viðskiptavinir eru ýmis matvæla- og sjávarútvegsfyrirtæki.

Eins og flestum er kunnugt þá hefur Prentmet keypt alla prentvinnslu Odda ásamt tækjum. Kaupin eru gerð meðal annars með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Að sögn Ingibjargar Steinunnar hefur íslenskur prentiðnaður átt undir högg að sækja í samkeppni við erlendar prentsmiðjur, m.a. vegna gengis- og launaþróunar. Prentmet mun snúa vörn í sókn til að tryggja sem mesta framleiðslu á prentverki hérlandis til lengri tíma. Með kaupum Prentmets á Odda verður til sterkt fyrirtæki á íslenskum prentmarkaði sem getur boðið upp á heildarlausnir í prentverki og fyrsta flokks þjónustu, byggð á áratuga reynslu og þekkingu beggja fyrirtækja.

„Nýtt nafn á sameiginlegu fyrirtæki verður Prentmet Oddi,“ segir Ingibjörg Steinunn. „Við munum halda áfram

að bjóða upp á heildarlausnir í prentun þ.e.a.s. allt almennt prentverk, fullvinna bækur og umbúðir. Frá stofnun höfum við alltaf lagt mikið upp úr því að vera með framúrskarandi þjónustu, hraðan vinnslutíma og gæði. Sameiginlegur vélakostur fyrirtækjanna og mannauður munu verða ennþá öflugri við sameininguna.“

Sameinuð prentsmiðja verður rekin að Höfðabakka 7, þar sem Oddi er til húsa, og munu um eitt hundrað manns starfa hjá fyrirtækinu í 9.500 fm húsnæði.

Það er mikill misskilningur hjá mörgum sem halda að prentun sé ekki góð fyrir umhverfið. Prentmet er með umhverfisvottun Svansins. Strangar kröfur Svansins tryggja að Svansmerkt vara er betri fyrir umhverfið og heilsuna. Með því að versla við umhverfisvottað fyrirtæki á Íslandi ýtum við undir skógrækt. Fyrir hvert tré sem er fellt fyrir pappírframleiðslu eru gróðursett þrjú tré á móti. Aðeins efsti hlutinn af trénu er nýttur í pappírframleiðslu og hinn í húsnæði og til húsgagnagerðar. Allt er þetta lífrænt og hreint hráefni og við nýtum græna orku hér á Íslandi. Prentsmiðjur með Svansvottun hafa uppfyllt strangar kröfur Svansins um að prenta efni á sem umhverfisvænstan hátt. Kröfurnar eiga einkum við prentferlið, pappírsnýtingu og þann pappír og efni sem fyrirtækið notar. Víða í prentsmiðjum erlendis eru brennd kol við framleiðsluna, sem er mjög mengandi og síðan við flutninginn skapast ennþá fleiri kolefnisspor. Auk þess sparast mikill gjaldeyris með því að kaupa íslenska framleiðslu.

„Kaupin á prentvinnslu Odda eru frábært tækifæri fyrir okkur og mun hjálpa mikið til við að auka samkeppnishæfni íslensks prentverks ásamt því að auka vöruúrval og þjónustustig fyrirtækisins,“ segir Ingibjörg Steinunn, starfandi stjórnarformaður Prentmets. „Staðan í prentiðnaðinum hér á landi er þannig að það er nauðsynlegt að sameina fyrirtæki og efla iðnaðinn til framtíðar. Við hjónin teljum okkur vera að taka stórt skref í þá átt með þessum kaupum.“

Umhverfisvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Endurnýtanlegt hráefni



Umhverfisvottaður farfi notaður við framleiðsluna



Umhverfisvottaður pappír notaður við framleiðsluna



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA
5 600 600 www.prentmet.is



Heildarlausnir í prentun

– ÞAKKIR TIL OZZ MARKAÐSHÚSS

Íris Magnúsdóttir stofnaði OZZ markaðshús ehf. árið 2018. Hún hefur áralanga reynslu sem markaðsstjóri og ástríðu fyrir markaðsmálum. OZZ sérhæfir sig í markaðsráðgjöf, gerð markaðsefnis, vefumsjón, samfélagsmiðlum og viðburðastjórnun.

OZZ býður þínu fyrirtæki „**Markaðsstjóra til leigu**“, í því mæli sem fyrirtækið þitt þarf. Hlutverk okkar er að aðstoða þig við að verða sýnilegri með stefnumiðuðu markaðsstarfi. Við setjum okkur inn í málin, viljum kynnast þínu teymi og kjarna og verða þinn persónulegi markaðsstjóri.

Sem markaðsstjórar leitum við að bestu lausninni fyrir þinn rekstur, hvort sem á við innra eða ytra markaðsstarf, stefnu, ásýnd fyrirtækisins, kynningar eða annað sýnilegt markaðsstarf.

Íris Magnúsdóttir sá um umbrot ársskýrslunnar í ár. Hún er jafnframt hönnuður af uppfærslu á vörumerki FKA sem kynnt var í mars sl. en gengið var út frá að halda að hluta til í rótgróið vörumerki en gefa því nútímalegan blæ. Með árunum hefur deildum og nefndum innan FKA fjölgað og hönnun vörumerkisins gengur út frá að hver þeirra geti kynnt sína starfsemi undir merkjum FKA.

OZZ markaðshús ehf. | Kalkofnsvegi 2 | Hafnartorgi | ozz@ozz.is | 7791800



Félag kvenna í atvinnulífinu

Ársreikningur

2018

FKA - Félag kvenna í atvinnulífinu
Borgartúni 35
105 Reykjavík
kt. 710599-2979

Skýrsla uppgjörsaðila

Til stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir FKA vegna ársins 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða FKA við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans. Allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma fram í ársreikningnum.

Reykjavík, 11. mars 2019

F.h. Fastland ehf



Silja Dögg Ósvaldsdóttir

Áritun skoðunarmanns

Ég undirrituð hef skoðað ársreikning Félags kvenna í atvinnulífinu fyrir árið 2018. Skoðun mín hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

Skoðunarmaður félagsins staðfestir hér með ársreikning þess fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. mars 2019



Ingibjörg Guðmundsdóttir

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra


Félag kvenna í atvinnulífinu, FKA, eru öflug félagasamtök kvenna úr öllum greinum atvinnulífsins. FKA styður við kvenstjórnendur og leiðtoga í atvinnulífinu með fræðslu, fundum og tengslamyndun. FKA stendur fyrir viðburðum og verkefnum sem styðja við jafnvægi og fjölbreytni samfélaginu til góða. Í FKA eru í dag rúmlega 1100 konur og starfa í félaginu tvær sjálfstæðar deildir, Atvinnurekendadeild og LeiðtogaAuður. Reknað eru fjórar landsbyggðanefndir, FKA Norðurland, FKA Suðurland, FKA Vestfirðir og FKA Vesturland. Að auki starfa Alþjóðanefnd, Viðskiptanefnd, Fræðslunefnd, Nýsköpunarnefnd, Golfnefnd og FKA Framtíð innan félagsins. FKA stendur fyrir hreyfiaflsverkefnum sem er stýrt innan félagsins og í samstarfi við hina ýmsu samstarfsaðila, þessi hreyfiaflsverkefni eru Jafnvægisvog FKA, Fjölmíðlaverkefni FKA og #Metoo verkefni.

Fyrir félagið starfa yfir 100 konur í sjálfböðastarfi í stjórn, nefndum, deildum og ráðum en á skrifstofu starfar einn starfsmaður, framkvæmdastjóri. Haldnir eru um 100 fjölbreyttir fundir á ári.


Samkvæmt rekstarreikning nam hagnaður af reglulegri starfsemi 5.667.733 kr. Viðskiptakröfur í lok árs voru 556.350 kr. Handbært fé í árslok var 15.414.177 kr. og eignir því 15.970.527 kr.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri staðfesta að samkvæmt þeirra bestu vitund gefur ársreikningur FKA fyrir árið 2018 glögga mynd af rekstrinum og rekstrarafkomu félagsins.


Framkvæmdastjóri



Hrafnhildur Hafsteinsdóttir


Í stjórn félagsins:



Rakel Sveinsdóttir - Formaður



Anna Þóra Ísfold


Aslaug Gunnlaugsdóttir


Lilja Bjarnadóttir


Guðrún Ragnarsdóttir


Hulda Ragnheiður Arnadóttir


Ragnheiður Arnadóttir

Rekstrarreikningur

	skýr- lingar	2018	2017
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld.....		26.872.725	23.154.100
Jafnvægisvögin.....	6	7.599.700	0
Aðrar tekjur.....	3	8.228.900	10.459.356
		<u>42.701.325</u>	<u>33.613.456</u>
Rekstrargjöld			
Fundir og ráðstefnur.....	4	8.889.084	9.620.312
Laun og launatengd gjöld.....		13.889.689	12.004.730
Jafnvægisvögin.....	7	7.950.926	0
Annar rekstrarkostnaður.....	5	6.372.659	7.181.245
		<u>37.102.358</u>	<u>28.806.287</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði.....		5.598.967	4.807.169
Fjármagnsliðir			
	1		
Fjármagnsgjöld.....		(143.353)	(83.080)
Fjármagnstekjur.....		212.119	199.694
		<u>68.766</u>	<u>116.614</u>
Hagnaður af reglulegri starfsemi.....		5.667.733	4.923.783
Afkoma ársins		5.667.733	4.923.783

Efnahagsreikningur

	skýr- ingar	31.12.2018	31.12.2017
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	2	556.350	365.535
Handbært fé.....		15.414.177	10.747.671
		<u>15.970.527</u>	<u>11.113.206</u>
	Eignir alls	15.970.527	11.113.206

31. desember 2018

	skýr- ingar	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....		9.502.895	4.579.112
Hagnaður / (tap).....		5.667.733	4.923.783
		<u>15.170.628</u>	<u>9.502.895</u>
 Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		212.212	560.303
Ógr. laun og launtengd gjöld.....		583.568	992.138
Ógr. Kreditkort.....		4.119	57.870
		<u>799.899</u>	<u>1.610.311</u>
Skuldir samtals		<u>799.899</u>	<u>1.610.311</u>
 Skuldir og eigið fé			
		15.970.527	11.113.206

Sjóðstreymi 2018

	2018	2017
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma ársins.....	5.667.733	4.923.783
Hreint veltufé frá rekstri	<u>5.667.733</u>	<u>4.923.783</u>
Rekstrarliðir		
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Breyting á rekstrartengdum eignum.....	(190.815)	1.522.614
Breyting á rekstrartengdum skuldum.....	(810.412)	269.941
Handbært fé til rekstrar	<u>4.666.506</u>	<u>6.716.338</u>
Hækkun / (Lækkun) handbærs fjár	4.666.506	6.716.338
Handbært fé í upphafi árs	<u>10.747.671</u>	<u>4.031.333</u>
Handbært fé í lok árs	<u>15.414.177</u>	<u>10.747.671</u>

Skýringar

1. Fjármagnsliðir

	2018	2017
Fjármagnstekjur		
Vaxtatekjur af bankareikningum.....	211.467	135.278
Dráttarvaxtatekjur.....	652	64.416
	<u>212.119</u>	<u>199.694</u>
 Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld.....	96.706	43.169
Fjármagnstekjuskattur.....	46.647	39.911
	<u>143.353</u>	<u>83.080</u>

2. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2018	31.12.2017
Viðskiptakröfur		
Óinnheimt félagsgjöld.....	446.950	261.200
Óinnheimtar kröfur vegna velunnarar, fundir og ferðir.....	109.400	104.335
	<u>556.350</u>	<u>365.535</u>

Skýringar frh.

	2018	2017
3. Aðrar tekjur		
Fundir, ferðir og ráðstefnur.....	5.003.900	4.719.840
Velunnarar FKA.....	525.000	2.925.000
Styrkir.....	2.700.000	2.814.516
	<u>8.228.900</u>	<u>10.459.356</u>

4. Fundir og ráðstefnur

Viðburðir.....	3.983.579	5.310.122
FKA viðurkenningin.....	2.448.165	3.448.321
Atvinnurekendadeild.....	1.375.495	0
Landsbyggðin.....	565.443	665.366
Leiðtogaaauður.....	452.600	0
Erlend starfsemi.....	63.802	196.503
	<u>8.889.084</u>	<u>9.620.312</u>


5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Reikningshald og félagatal.....	1.769.372	2.380.508
Rekstur húsnæðis.....	1.339.227	939.874
Heimasíða - forritun og uppsetning.....	910.735	1.673.241
Auglýsingar og kynningarkostnaður.....	826.810	311.747
Aðkeypt þjónusta.....	627.968	761.270
Bankakostnaður og þjónustugjöld.....	272.272	306.608
Burðargjöld.....	213.781	180.495
Sími og internet.....	145.077	118.731
Pappír, prentun, ritföng.....	122.005	98.508
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	65.978	161.838
Félags- og aðildargjöld.....	54.040	56.940
Styrkir.....	25.394	0
Þjónustulaun innheimtu.....	0	119.045
Ráðstefnur.....	0	55.700
Aðkeyptur akstur.....	0	16.740
	<u>6.372.659</u>	<u>7.181.245</u>

Skýringar Jafnvægisvögin

6. -7. Rekstrarreikningur Jafnvægisvögin

	2018
Rekstrartekjur	
Styrkir.....	6.850.000
Ráðstefna.....	749.700
	<u>7.599.700</u>
Rekstrargjöld	
Verkefnastjórnun.....	4.930.240
Rekstrarkostnaður.....	3.020.686
	<u>7.950.926</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði.....	(351.226)
Fjármagnsliðir	
Fjármagnsgjöld.....	(7.707)
Fjármagnstekjur.....	0
	<u>(7.707)</u>
Hagnaður / (tap) af reglulegri starfsemi.....	(358.933)
Afkoma ársins	(358.933)




tengslanet

#hreyfiafl

#sýnileiki

TAKK FYRIR

STARFSÁRÍÐ



www.fka.is